

LÖGMANNA BLAÐIÐ



4. árg.

Júlí

2 / 1998

Hvöss gagnrýni og siðareglur lögmanna

Af Merði lögmanni

Frá Hæstarétti Íslands

Réttarbót í skattamálum

Lög um lögmenn, nr. 77/1998

Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum

Um lögmannafélög í Bandaríkjunum

Rafbréf

Skatta- og tollatíðindi, nýtt tímarit

Úrskurðir og álitserðir stjórnar L.M.F.Í.

Frá norrænu málflutningskeppninni

*Hvöss gagnrýni
og siðareglur
lögmanna*

—
Bls. 3

*Réttarbót í
skattamálum*

—
Bls. 9

*Um lögmanna-
félög í
Bandaríkjunum*

—
Bls. 14

Útgefandi:

Lögmannafélag Íslands

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:

Marteinn Másson

Ritnefnd:

Árni Vilhjálmsson, hrl.

Björn L. Bergsson, hdl.

Jón G. Briem, hrl.

Steinunn Guðbjartsdóttir, hdl.

HÆSTARÉTTARDÓMAR

Hjá dómverði Hæstaréttar fást eftirtaldir árgangar:

1920-1924	500.-	1972	500.-	
1925-1928 A	500.-	1973	500.-	
1925-1929 B	500.-	1974	500.-	
1930	550.-	1975	500.-	
1931-1932	500.-	1976	500.-	
1933	500.-	1977	500.-	
1934	500.-	1978	500.-	
1935	500.-	1979	500.-	
1936	500.-	1980	700.-	tvö bindi
1937	500.-	1981	800.-	eitt bindi
1938	500.-	1982	900.-	tvö bindi
1939	500.-	1983	1.000.-	tvö bindi
1940	500.-	1984	1.200.-	tvö bindi
1941	500.-	1985	1.400.-	tvö bindi
1942	500.-	1986	1.800.-	tvö bindi
1943	500.-	1987	2.400.-	tvö bindi
1944	500.-	1988	3.000.-	tvö bindi
1945	500.-	1989	3.600.-	tvö bindi
1946 ljp	800.-	1990	4.500.-	tvö bindi
1966	500.-	1991	5.000.-	tvö bindi
1967	500.-	1992	6.000.-	þrjú bindi
1968	500.-	1993	6.600.-	þrjú bindi
1969	500.-	1994	8.800.-	fjögur bindi
1970	500.-	1995	8.800.-	fjögur bindi
1971	500.-	1996	11.000.-	fimm bindi

50% afsláttur til laganema

Hvöss gagnrýni og siðareglur lögmanna

Í önnum Alþingis á síðustu dögum þingsins urðu tugir frumvarpa að lögum, eins og venjulega. Þar á meðal var frumvarp til laga um lögmenn, en lögin munu taka gildi 1. janúar 1999. Eins og félagsmenn vita hófst undirbúningur aðlögunar félagsins að nýju lögnum þegar á aðalfundi í marz með kosningu nefndar til að endurskoða samþykktir og miðar því starfi eftir áætlun. Áður hafði síðasta stjórn skipað þrjá fyrrverandi formenn, Gest Jónsson, Hákon Árnason og Þórunni Guðmundsdóttur, í nefnd til þess að endurskoða siðareglur lögmanna.

Siðareglurnar eru að stofni frá 1960, en voru síðast endurskoðaðar árið 1991, en sífellt þarf að hafa



Jakob R. Möller, brl., formaður L.M.F.Í.

í huga, hvort þær svari kröfum tímans. Jafnvel þótt menn séu þeirrar skoðunar að til séu algild sannindi og kröfur til siðlegrar hegðunar breytist ekki í neinum meginatriðum, eins og ritari þessari lína, þarf samt að taka tillit til breyttra aðstæðna, nýrra krafna og nýrra möguleika.

Einkarétturinn leggur lögmönnum ótví- rætt ýmsar skyldur á herðar ...

Ráð Evrópsku Lögmannafélaganna (CCBE) er að leggja loka-hönd á endurskoðun siðareglna sinna, sem gilda í samskiptum á milli landa Evrópska Efnahags-svæðisins og hljóta þær að verða viðmiðun við setningu þeirra siðareglna, sem gilda munu innanlands í löndunum. Þetta er eitt af því sem veldur því að gæta þarf að endurskoðun siðareglna lögmanna nú. Annað er að samkvæmt hinum nýju lögmannaölögum er sú skylda lögð á hendur Lögmannafélagi Íslands að setja félagsmönnum sínum siðareglur. Þriðja atriðið, sem ég vil nefna er að samkvæmt Mannréttindasáttmála Evrópu og túlkun hans af Mannréttindadómstólnum og nú Hæstaréttar Íslands er tjáningarfrelsi manna í umræðum um opinber málefni miklu

meira en var, jafnvel fyrir fáum árum. Dómstólarnir viðurkenna að í lýðræðisríki sé hvöss gagnrýni nauðsynleg til þess að frjó, opin og beinskeytt umræða leiði til lýðræðislegrar skoðanamyndunar og bæti ákvarðanatöku.

Í 18. gr. núverandi siðareglna LMFÍ er í 1. mgr. kveðið á um það, að lögmenn skuli sýna dómstólum fulla tillitsemi og virðingu í ræðu, riti og framkomu, en í 2. mgr. er sagt, að gagnrýni á störf og starfs-háttu dómstóla megi einungis hafa uppi á faglegum og málefnalegum grundvelli. Hér er að ýmsu að hyggja. Siðareglurnar hafa lögmenn sjálfir sett sér til þess að þær bindi þá alla á þeim sviðum, sem þær taka til. Hvort sem lögmönnum líkar betur eða ver eru þeir skuldbundnir til þess að vera félagar í Lögmannafélaginu og hlíta siðareglum þess. Hvort sem lögmönnum líkar betur eða ver, hafa þeir einnig einkarétt til málflyttings fyrir dómstólunum (og í könnun meðal lögmanna veturinn 1996-97 kom í ljós, að yfirgnæfandi meirihluti þeirra var fylgjandi þessum einkarétti). Einkarétturinn leggur lögmönnum ótvírátt ýmsar skyldur á herðar, sem þægilegra gæti verið að vera laus við. Ein þessara skyldna er, að minni hyggju, að gæta hófsemdar í orðalagi, þegar niðurstöður dómstóla eru gagnrýndar. Ekki svo að skilja, að málefnaleg gagnrýni á dómsháttum er sé ekki alltaf og allstaðar heimil, jafnvel þótt einhverjum öðrum en gagnrýnanda þyki hún vera fjarri raunverulegum lögfræðilegum rökum. En lögmenn verða, meðal annars í ljósi siðareglanna, að gæta að því að dómstólar geta ekki svarað fyrir sig, eða að minnsta kosti er venja hérlendis að þeir geri það ekki. Dómarar líta svo á, að þeir hafi með dómi sín-

Lögmannafélag Íslands

Álftamýri 9, 108 Reykjavík
sími (telephone): 568-5620
bréfsími (telefax): 568-7057
tölvupóstur (E-mail): lmfí@tv.is

Stjórn L.M.F.Í.

Jakob R. Möller, hrl.,
formaður
Ásgeir Thoroddsen, hrl.,
varaformaður
Kristinn Bjarnason, hdl.,
ritari
Sif Konráðsdóttir, hdl.,
gjaldkeri
Sigurbjörn Magnússon, hrl.,
meðstjórnandi

Starfsfólk L.M.F.Í.

Marteinn Másson,
framkvæmdastjóri
Hildur Pálmadóttir, ritari

Blaðið er sent öllum félagsmönnum.
Ársáskrift fyrir utanfélagsmenn:
kr. 1.500 + vsk.
Verð pr. tölublað kr. 300 + vsk.

Prentun: Borgarprent h.f.

Umjón auglýsinga:
Öflun ehf., sími 561-4440

um sagt sitt síðasta orð um efnið. Þegar ritari þessara lína var að alast upp, meðal annars í leikjum á Landakotstúninu, fyrir fleiri árum en sanngjarnt er að rekja, voru það óskráð lög að ekki mætti veitast að þeim, sem ekki gætu svarað í sömu mynt. Ekki hafa heldur þótt

góðir mannsiðir að segja eitthvað um einhvern á bak, sem maður ekki vildi segja beint framan í hann. Allir lögmenn skilja gremju yfir því sem menn telja rangar dómsniðurstöður. Slíkar niðurstöður er sjálfsagt að gagnrýna með rökum eða rökleysu eftir hætti

hvers sem kýs. Þótt hver þjóðfélagsborgari, og líka lögmenn, segi mest um sjálfan sig með fullyrðingum um lágur hvatir, sem liggja að baki gerðum, sem honum mislíka, tel ég að lögmenn verði að stilla gremju sinni í hóf. Beita hvassri gagnrýni á niðurstöður, sem þeir

telja rangar, en láta vera að telja að þær byggist á öðru en því sem dómarrar telja réttasta lögfræðilega niðurstöðu. Í þessum orðum mín um er, eins og endranær, vandratað meðalhófið. Dómstólar þurfa vissulega aðhald, hvöss gagnrýni er nauðsynleg til þess að halda þeim við efnið. Trúa mín er að árangursríkara sé að freistast ekki til þess að gera dómurum, frekar en öðrum, upp hvatir sem maður sjálfur vill ekki að stjórnðu sér. Í þessu verður hver að vera dómari í sjálfs síns sök. Vera má þó, að sérstök ástæða sé til að endurskoða ákvæði siðareglanna um framkomu lögmanna við dómstóla, til þess að taka af allan vafa um það, að áskilnaður um virðingu sé ekki til þess ætlaður að leysa dómstóla, frekar en aðrar opinberar stofnanir, undan hvassri gagnrýni og hörðum gildisdómum.



Frelsi til sölu



Digital HiNote VP 700.

Hafðu Digital gæði með hvert sem þú ferð

Þú segir kannski að ekki sé hægt að verðleggja frelsi en við hjá Digital lítum aðeins öðruvísi á málið. Þegar þú ert með jafn öfluga fartölvu og Digital HiNote VP 700 sem hefur m.a. að geyma:

200 - 266 MHz MMX Pentium örgjörva,
32 - 144MB SDRAM vinnsluminni
og 12,1" TFT eða 13,3" TFT vandaðan skjá o.fl. ofl.

þá segjum við einfaldlega:

Frelsi til sölu frá kr. 269.995 m/vsk.

Hringdu í okkur eða litu inn á heimasíðuna okkar, www.digital.is og fáðu nánari upplýsingar um Digital HiNote línuna.

digital
DIGITAL Á ÍSLANDI

Vatnagördum 14 • sími 533 5050 • fax 533 5060 • <http://www.digital.is>



Endurskoðandi

Ertu að skoða Stofninn?



Stofn er þess virði að skoða hann nánar því hann á sér enga hliðstæða hjá öðrum íslenskum váttryggingafélögum. Í Stofni njóta viðskiptavinir allhliða váttryggingaverndar á hagstæðum kjörum með afslætti og möguleika á endurgreiðslu.

Með því að ganga í Stofn fyrir 1. júlí næstkomandi gættir þú komist í hóp þeirra sem fá endurgreiðslu á næsta ári.

Hefur þú endurskoðað váttryggingavernd þína nýlega?



Nánari upplýsingar og ráðgjöf í síma 569 2500 eða hjá umboðsmönnum um land allt.

Eitt simtal er allt sem þarf.

www.sjal.is



Endurgreiðsla

SJÓVÁLMENNAR

Traustur þáttur í tilverunni

Af Merði lögmanni

Mörður er ekki einn af þessum lögmonnum sem eru stöðugt í útlöndum á mikilvægum fundum. Utanlandsferðir Marðar höfðu fram að þessu takmarkast við Mæjorkaferðir með félögnum áður en hann giftist, en hin seinni ár við sumarhúsaferðir með fjölskyldunni í eitthvert rigningarbælið á Jótlandi eða í Hollandi.

Lögmannafélagið auglýsti námsferð til Luxemborgar og Brussel og Mördur var einn af þeim fyrstu til að skrá sig í ferðina. Hann hafði heyrð ýmislegt um námsferðir Lögmannafélagsins til útlanda og vissi fyrir víst að þessar námsferðir voru ekkert annað en dulbúnar skemmtiferðir, sem samanstóðu af kokteilboðum og ferðum á fótboltaleiki.

Að vísu fóru að renna tvær grímur á Mörd þegar hann sá dagskrá ferðarinnar. „Hvar voru hádegisverðarboðin, móttökurnar, dinnerarnir?“. Dagskráin var ekkert annað en fyrirlestrar og það frá því snemma á morgnana og langt fram á kvöld.

Mördur gerði sér far um að spyrja kollegana hvenær sem færi gafst á hvort þeir ætluðu ekki í „FERÐINA“? Auðvitað var Mördur búinn að lúslesa þáttakendalistann og vissi nákvæmlega hverjir ætluðu með og hverjir ekki, en með þessu kom hann því á framfæri að hann væri að fara. Þegar nær dró ferðinni hafði Mördur sérstaka nautn af því að segja kunnunum: „Nei, því miður, þetta getur ekki orðið í næstu viku, ég verð í Brussel í embættisferðum“ og lét það svona liggja í loftinu að hann væri að fara í mikilvæga samningsgerð fyrir lýðveldið. Oft hafði Mördur hlustað með öfund og aðdáun á ýmsa kollega sína, sem alltaf virtust vera á þönum milli landa á mikilvægum fundum og í erfidum samningaviðræðum. Nú fannst honum hann vera kominn í þeirra hóp. Hann gaf síðan ritara sínum strengileg fyrirmæli um að segja öllum þeim sem í hann þyrftu að ná meðan hann væri í burtu að hann væri á viðskiptaferðalagi erlendis.

Loks rann hinn langþráði dagur upp og Mördur hélt út á völlum. Úti á velli byrjaði Mördur að sjálf-sögðu að fara í fríhöfnina með listann frá konunni yfir alls konar krem sem hann átti að kaupa. Mördur átti von á mikilli gleði á leiðinni til Luxemborgar, fyllerí og flugfreyjur, en svo fór ekki. Lögmenn virtust vera búnir að missa alla náttúru fyrir slíku,

a.m.k. svona snemma morguns.

Ferðin til Luxemborgar var því tíðindalaus, en í Luxemborg tók á móti ferðalöngunum íslenskur rútbílstjóri með íslenska rútu. Rúta þessi var með lestunar- og losunarbúnaði (bjórkælir og klósett). Eftir dómstólaheimsóknir í Luxemborg var haldið áleiðis til Brussel og þangað komið síðla kvölds eftir fjöruga rútuferð. Á hótelinu í Brussel kom í ljós að mistök höfðu verið gerð við herbergjabókunina. Alltof fá einsmannsherbergi höfðu verið bókuð. Mördur stóð frammi fyrir því að deila herbergi með Sámi lögmanni, sem ættaður var úr Kópavogi, eða miðaldra, einhleypri lögfreyju, í meðalholdum. „Fagurt hold, en alltof fjarri beini“ hugsaði Mördur og valdi Sám sem herbergisfélagi. Í ljós kom svo að þeir félagar, Sámur og Mördur, urðu ekki aðeins að deila herbergi, heldur einnig rúmi, þar sem aðeins eitt rúm var í herberginu, að vísu vel breitt. Þegar leið á nóttina kom í ljós að svefnfarir og svefnvenjur Sáms voru með ólíkindum. Hann virtist vera alls staðar á rúminu í einu. Mördur hraktist nær og nær rúmbrúninni undan rymjandi og stynjandi Sámi og hugsaði að hann betur hefði hann valið hina mjúkholda lögfreyju.

Mördur kom þreyttur og úrillur niður til morgunverðar daginn eftir. Tóku nú við langir dagar. Endalausir fyrirlestrar. Fyrirlesararnir voru kokteilpinnar og snyrtipinnar úr diplomatínu eða frá einhverjum alþjóðlegum stofnunum, sem hétu einhverjum skammstöfunum. Mördur hafði ekki heyrð helminginn af þeim nefndan fyrr.

Loksins lauk nú þessum fyrirlestrum og svo virtist sem hægt væri að hefja ástundan hinna alvarlegri vísindaiðkana. Þeir ákváðu nokkrir félagarnir að fara út að borða. Á leiðinni gengu þeir fram á mann sem söng tregablandinni röddu á óskiljanlegu tungumáli. Í ljós kom að þetta var spænskur diplómat, sem hafði verið á einhverjum fundi í Brussel um evróið og tregaði nú örlög pesetans. Íslenskir lögmenn eru þekktir fyrir að vera góðir við lítilmagnann, hvort sem um er að ræða munaðarlaus börn, barnmargar ekkjur eða spænska diplómata og tóku þann spænska með sér inn á næsta matsölustað. Upphófst mikill fögnuður á spænsku og íslensku, en málið vandaðist þegar matsödlarnir komu. Þeir voru allir á frönsku. Einn þeirra fé-

laganna sagði að þetta væri ekkert mál, hann hefði lært frönsku hjá Herdísi Vigfúsdóttur í Hamrahlíðinni og honum yrði ekki skotaskuld úr því að þýða fyrir þá. Þeir pöntuðu síðan eftir forskrift Hamrahlíðarstúdentsins en brá heldur í brún þegar maturinn birtist á borðinu. Fyrir framan Mörð var sett heilt svínshöfuð, sem glotti illyrmislega til hans af disknum. Mörður var ekki alveg viss um hvort gölturinn væri lífs eða líðinn. Lögmaðurinn við hliðina á honum, Gísli, fæddur og uppallinn í Dýrafirðinum, horfði niður í súpuskál og þar svamlaði eitthvað, sem Mörður vildi ekki fá að vita hvað væri. Sá þriðji fékk gufusoðnar grísatær, sem voru það gufusoðnar að litla táin datt af, þegar hann potaði með gafflinum í tána. Hamrahlíðarstúdentinn gæddi sér hins vegar á ljúffengri nautasteik. Lítið varð af matarneyslu. Gísli Dýrafirðingur vildi ekki greiða fyrir þennan mat og hóf ákafar samningaviðræður á íslensku, dönsku, þýsku og ensku, með dyggri aðstoð spænska dippans, sem ræddi við þjóninn á spænsku. Ekki kunni þjónninn að meta tungumálakunnáttu þeirra félaganna og krafðist greiðslu. Deilur jukust stíg af stigi og þegar Merði var hætt að lítast á blikuna birtust inn á gólfi á matsölustaðnum fjórir gendarmerie með alvæpni. Íslenskir lögmenn láta slíkt ekki á sig fá og höfnuðu enn greiðslu með vísan til kaupalaganna. Belgíska pólitíið þekkti lítið til hinna finni blæbrigða í ís-

lenskum kauparétti og urðu málalyktir þær að þeim félögum var stungið í steininn, ásamt spænska diplómatanum. Honum tókst reyndar um síðir að koma hinum belgísku gendarmerie í skilning um að hann nyti diplómátskrar friðhelgi og var fljótlega sleppt. Íslensku lögmennirnir máttu íhuga lífshlaup sitt í kjallaranum hjá belgísku lögreglunni fram eftir nóttu. Formaður félagsins birtist þó um síðir á lögreglustöðinni og tókst með sinni alkunnu lipurð og réttysni að fá þá lausa. Eftir að hið belgíska pólití fékk að vita hvers konar höfðingjar voru hér á ferð, voru þeir innilega beðnir afsökunar, „pardon, pardon“ og kvaddir að hermanna síð. Það voru hljóðir og hógværir menn sem héldu upp á hótél í morgunsárið. Mörður var feginn að þeir voru á förum frá þessari skelfilegu borg daginn eftir.

„Þá er betra að vera bara heima“ hugsaði Mörður. Hann er að vísu búinn að fréttu það að LMFÍ ætli að ári að fara í aðra ferð til borgar sem heitir Strassborg, þar sem einhver dómstóll er, og er að íhuga að fara þá ferð, en bara ef formaðurinn fer með.

Til leigu skrifstofuhúsnæði

að Skólavörðustíg 19, 2. hæð.

Um er að ræða 150m² sem geta
skipst annarsvegar í 50m² og
hinsvegar 100m².

Uppl. hjá Fasteignasölnunni Laufási
sími 533-1111.

Frá Hæstarétti Íslands

Lögmannafélagi Ísland barst nýlega bréf frá Péttri Kr. Hafstein, forseta Hæstaréttar Íslands, þar sem fram koma ábendingar til lögmanna um nokkur atriði er varða samskipti þeirra við réttinn vegna meðferðar mála þar. Bréf þetta er birt hér í heild sinni með góðfúslegu leyfi forseta réttarins.

Með lögum nr. 37/1994 og lögum nr. 38/1994 voru gerðar umtalsverðar breytingar á nýlegum lögum um meðferð opinberra mála nr. 19/1991 og lögum um meðferð einkamála nr. 91/1991. Í kjölfar þessa setti Hæstiréttur reglur nr. 461/1994 um dómgerðir í einkamálum og opinberum málum, reglur nr. 462/1994 um málgögn (ágrip) í opinberum málum og reglur nr. 463/1994 um málgögn (ágrip) í einkamálum. Það er ljóst, að réttarfarabreytingarnar hafa í ríku mæli stuðlað að hraðari meðferð mála fyrir Hæstarétti, bættum málflytningu lögmanna og árangursríkara samstarfi þeirra og réttarins en áður. Fyrir þetta færir Hæstiréttur Lögmannafélagi Íslands og lögmönnum einlæggar þakkir. Engu að síður er ástæða til þess að nefna nú nokkur atriði, sem betur mega fara, svo að ekki dragi úr þeim góða árangri, sem náðst hefur.

Það skiptir miklu máli, að lögmenn kappkosti að nýta vel þá fresti, sem þeim eru settir til framlagningar greinargerða og annarra málgagna. Það á að beyra til undantekninga, að frestir séu framlengdir, og fyrir beiðni um framlengingu þurfa að vera ríkar ástæður. Á það ekki síst við, ef lögmaður hefur áður fengið frest.

Það er brýnt, að lögmenn nýti vel sameiginlegan frest til gagnaöflunar fyrir Hæstarétti, ef um hann er að ræða. Að þeim fresti liðnum telst gagnaöflun sjálfkrafa lokið, nema áður hafi verið fallist á skriflega ósk aðila um lengri frest eða Hæstiréttur hafi beint því til þeirra að afla megi frekari gagna. Rétturinn getur enn heimilað framlagningu gagna, ef ekki var unnt að afla þeirra fyrr eða atvik eru breytt. Slík gögn verða þó að berast réttinum með nokkrum fyrirvara fyrir munnlegan málflytning.

Það er mjög til gagns, að tilvísanir í fræðirit og dóma, sem lögmenn ætla að styðjast við í málflytningu, séu glöggar og afdráttarlaugar um það, hvað teljist einkum skipta máli. Slíkar tilvísanir þurfa lögmenn að leggja fyrir Hæstarétt með góðum fyrirvara, svo að dómara geti kynnt sér efni þeirra fyrir málflytning.

Nauðsynlegt er, að lögmenn láti fylgja málgögnum eða greinargerð svonefnda tímaskrá, þar sem fram komi með glöggum bætti helstu atvik málsins í tímaröð. Það er til fyrirmyndar, þegar vísað er í slíkri skrá til víðeigandi blaðsíðna í málgögnum. Hinu sama gegnir, þegar lögmenn leggja fyrir Hæstarétt yfirlit yfir helstu atriði í ræðum sínum. Hvortveggja er til hægðarauka fyrir dómendur og til þess fallið að flyta starfi þeirra.

Það hefur mikla þýðingu, að lögmenn vandi vel til áætlunar um málflytningstíma og standi við hana eða þau tímamörk, sem þeim kunna að verða sett. Enginn vafi er á því, að góð frammistaða lögmanna í þessum efnum á undanförunum árum hefur skipt miklu máli um skilvirkni í störfum Hæstaréttar. Dómara geta kynnt sér öll málgögn fyrir málflytning og eru styttri og hnitmiðaðri ræður að jafnaði betur til þess fallnar að varpa skýru ljósi á málið en hinna, sem lengri eru.

Vegna frágangs og útsendingar málaskrár varðar miklu, að lögmenn tilkynni Hæstarétti með eins góðum fyrirvara og kostur er um fyrirbugaðar fjarvistir. Eins og kunnugt er tekur hver málaskrá að jafnaði til næstu fimm eða sex vikna og breytingar vegna fjarveru lögmanna eftir gerð hennar geta verið miklum vandkvæðum bundnar.

Hæstiréttur biður Lögmannafélag Íslands að taka þessi atriði til skoðunar og kynna þau félagsmönnum sínum. Um leið er þess vænst, að samstarf lögmanna og réttarins megi áfram vera traust og árangursríkt.

Pétur Kr. Hafstein

Réttarbót í skattamálum

Síðastliðinn vetur fór að bera á meiri og hvassari gagnrýni á skattyfirvöld en oft áður. Í þjóðfélagsumræðu sem fylgdi voru skattyfirvöldum, þ. á m. yfirs kattane fnd, veitt þung högg, sum málefnaleg en önnur ekki. Laut gagnrýnin m.a. að því hve seinlega gengi að úrskurða í kær umálum fyrir yfirs kattane fnd, en upplýst var að lögboðnir frestir höfðu oft ekki verið virtir, og því sem e.t.v. var alvarlegra, að úrskurðir væru ekki birtir. Þá var gagnrýnt að skattþegnar ættu þess ekki kost að fá álit yfirvalda á skattalegum tilfæringum fyrirfram og væru þannig háðir duttlungum um hvað mætti og hvað mætti ekki. Óvíst er hvort þessari umræðu er fyrir að þakka en útgáfa úrskurða í skattamálum er orðin að veruleika og Alþingi hefur sett lög sem tryggja eiga annars vegar að yfirs kattane fnd fari síður fram yfir lögboðna fresti í framtíðinni og hins vegar að skattþegnar geti fengið bindandi álit ríkisskattstjóra í skattamálum. Enda þótt lög in um bindandi álit í skattamálum séu mikilsvert framlag löggjafans á sviði skattaréttar, verður ekki fjallað um þau í þessum pistli.

Í apríl sl. kom út vönduð útgáfa Skatta- og tollatíðinda. Þar eru birt lög, reglugerðir, dómur og stjórn-sýsluúrskurðir um skatta- og tollamál fyrsta ársþriðjungs 1997. Með útgáfunni hefur sú ákvörðun verið tekin að koma nýjum úrskurðum fyrir almennings sjónir en bíða enn með þá eldri, þ.e. úrskurði yfirs kattane fndar frá stofnun hennar 1. júlí 1992 til ársloka 1996. Ég tel að þessi ákvörðun hafi verið rétt og að brýnt sé að framtíðarútgáfu



Halldór Jónsson, bdl.

verði sem fyrst komið í það horf að tímaritið komi fljótlega út eftir lok hvers ársþriðjungs. Að öðrum kosti hefur umfjöllun tímaritsins um lög og reglugerðir lítið að segja. Til að þessu marki verði náð tel ég að ritnefnd hljóti að meta réttmæti þess að birta dóma um skatta- og tollamál en það hlýtur óhjákvæmilega að tefta vinnu við tímaritið. Við það mat ber að leggja til grundvall-

Við samningu lagafrumvarpsins hefur mönnum verið nokkur vandi á höndum . . .

ar að dómabirting er ekki áskilin í lögum á þessum vettvangi en er til verulegs hagræðis fyrir þá sem starfa í þessum geira, einkum birting héraðsdóma. Jafnframt þessari útgáfu er nauðsynlegt að huga að útgáfu eldri úrskurða yfirs kattane fndar. Ef fyrir liggur að langt sé að bíða þeirrar útgáfu er rétt að birta þessa úrskurði sem fyrst á veraldarvefnum.

Á síðustu dögum þingsins samþykkti Alþingi lög nr. 96/1998, um breytingu á lögum nr. 30/1992, um yfirs kattane fnd, og er þar að mörgu leyti komið til móts við gagnrýnisraddir síðasta vetrar. Við

samningu lagafrumvarpsins hefur mönnum verið nokkur vandi á höndum við lausn þess vanda, sem að ofan er rakinn, um lögboðna fresti. Annars vegar var að búa þannig um hnútana að yfirs kattane fnd gæti virt núgildandi fresti. Hin leiðin, sem farin var, er að lengja fresti til að kveða upp úrskurð. Með þessu móti á að „skapa forsendur fyrir því að raunhæft verði að standa við þann frest sem nefndinni er settur í úrlausn mála“, svo vitnað sé í framsöguræðu fjármálaráðherra. Í þessu ljósi má benda á að þriðja leiðin hefði gert út um vandann, eins og hann hefur verið skilgreindur, og hefði fallist í að afnema lögboðna fresti. Ég tel rétt að rekja nánar þær breytingar sem lög in hafa í för með sér.

Úrskurðum skattstjóra og eftir atvikum ríkisskattstjóra skv. lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, má skjóta til yfirs kattane fndar. Fyrir þá lagabreytingu, sem hér er til umfjöllunar, var kæru frestur 30 dagar frá póstlagningardegi úrskurðar, sbr. 5. gr. laga nr. 30/1992, um yfirs kattane fnd, en er nú orðinn 3 mánuðir. Á móti kemur að gerðar eru ákveðnar kröfur til kærunnar sjálfrar og fylgigagna. Þannig skal fylgja kærinni endurrit kærðs úrskurðar og tilgreina þarf þau atriði sem kærandi er ósáttur við og á hvaða grundvelli. Þá þurfa að fylgja gögn sem ætluð eru til stuðnings kærinni. Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að áskilnaði um form og efni kæru sé einkum stefnt gegn svonefndum bráðabirgðakærum sem ætlað sé það hlutverk eitt að rjúfa kærufrest.

Ef kæra er rökstudd með skattframtali, sem ekki hefur sætt efnisúrlausn hjá skattstjóra, sendir yfir-

skattanevnd skattstjóra kærana til uppkvaðningar nýs kærúrskurðar, sbr. 12. gr. laga nr. 30/1992. Aðrar kærur til yfirsattanevndar eru tafarlaust sendar ríkisskattstjóra sem aflar gagna og leggur fram kröfugerð fyrir hönd gjaldkrefjenda, sbr. 6. gr. Ef kröfugerðin gefur tilefni til er hún send kæranda svo hann megi koma að andsvörum og gögnum. Þegar gögn og kröfugerð liggja fyrir er málið tækt til úrskurðar hjá yfirsattanevnd. Samkvæmt eldra rétti hafði yfirsattanevnd þrjá mánuði að leggja úrskurði á kærur eftir að henni höfðu borist umsögn og greinargerð ríkisskattstjóra, þó aldrei lengri tíma en fjóra og hálfan mánuð frá því að kæra barst nefndinni, sbr. 1. mgr. 8. gr. Ef ákvæðinn var sérstakur mállutningur í vandasömum úrlausnarefnum lengdist ofangreindur frestur um þrjá mánuði. Nú hefur frestur til að úrskurða verið lengdur í sex mánuði frá því að gögn og kröfugerð hafa borist en að hámarki sjö og hálfan mánuð frá því að kæran barst yfirsattanevnd. Gildir þessi frestur um öll mál.

Samkvæmt 2. gr. breytingarlaganna er yfirsattanevnd ekki lengur heimilt að afla gagna heldur er henni ætlað að beina því til skattaðila eða ríkisskattstjóra að leggja fram frekari upplýsingar máli til skýringar ef hún telur málið ekki nægilega upplýst. Samkvæmt 3. gr. er yfirsattanevnd nú heimilt að úrskurða í kærumáli á grundvelli fyrirliggjandi gagna, enda þótt gögn frá ríkisskattstjóra hafi ekki borist nefndinni. Það skilyrði er þó sett að málið sé nægilega upplýst. Vætanlega mun þetta skilyrði standa í vegi fyrir beitingu heimildarinnar í langflestum tilvikum.

Nýmæli kemur fram í 2. mgr. 4. gr. og felst í því að yfirsattanevnd getur úrskurðað greiðslu málskostnaðar úr ríkissjóði, að hluta eða öllu leyti, enda hafi skattaðili haft uppi slíka kröfu við meðferð málsins, um sé að ræða kostnað

sem eðlilegt var að hann stofnaði til vegna meðferðar málsins og ósanngarnt væri að hann bæri þann kostnað sjálfur. Í athugasemdum frumvarps er tekið fram að ekki skuli úrskurða málskostnað ef skattaðili lét undir höfuð leggjast að upplýsa mál sitt nægilega á fyrri stigum og að sanngarnt hlutfall verði að vera á milli kostnaðar og hagsmuna. Í ákvæðinu felst mikil réttarbót fyrir skattþegna og er tími til kominn að mínum dómi. Framkvæmdin mun leiða í

— — — — —
*... yfirsattanevnd getur
úrskurðað greiðslu
málskostnaðar úr
ríkissjóði, ...*
— — — — —

ljós hvernig yfirsattanevnd beitir þessu valdi en ljóst er að hún er sett í erfiða stöðu við mat á því hvort skilyrði séu uppfyllt í hverju og einu tilviki. Er vonandi að vandi nefndarinnar komi ekki niður á yfirlýstum tilgangi laganna um aukinn hraða í skattamálum.

Í 5. gr. breytingarlaganna eru felld niður ákvæði um ítarlegan rökstuðning á úrskurðum yfirsattanevndar og gilda því almenn fyriræli stjórnsýslulaga um þetta efni. Lögskýringargögn gefa í skyn að verið sé að slaka á kröfum í þessu tilliti en ekki er víst að það sé rétt. Annað nýmæli kemur fram í 5. gr. sem felst í því að við undirbúning kröfugerðar ríkisskattstjóra í kærumáli til yfirsattanevndar megi hann bjóða kæranda upp á nýja álagningu með þeim áhrifum, fallist kærandi á tilboðið, að kæran teljist afturkölluð. Ekki er í fljótu bragði unnt að sjá fyrir sér neinn hvata að því að skattþegn taki tilboði sem hér um ræðir, enda má ganga út frá að ríkisskattstjóri bjóði ekki upp á það sem hann telur að yfirsattanevnd muni hafna.

Í 6. gr. er að finna nýjar reglur um málskot til dómstóla. Þannig er í fyrsta lagi gert ráð fyrir að fjármálaráðherra hafi (einungis) sex mánuði til að höfða mál út af úrskurði. Þá er lagt til að ríkisskattstjóri geti farið þess á leit við yfirsattanevnd að tiltekinn úrskurður „verði ekki látinn hafa fordæmisgildi að svo stöddu“ vegna fyrirhugaðs málskots og að nefndinni sé heimilt að fallast á beiðnina „ef sýnt þykir að skattframkvæmd gæti raskast bagalega ef niðurstöðu úrskurðar yrði breytt með dómi.“ Í athugasemdum frumvarps er tekið fram að breytingin leiði af áliti umboðsmanns Alþingis, birtu í SUA 1994:276. Þá er þeirri skoðun lýst, að ákvörðun ráðherra um ofangreint feli í sér að „öllum réttaráhrifum ákvörðunar [verði] frestað, þar með talið áhrifum ákvörðunar sem fordæmis.“ Ekki er víst að þessi skilningur verði ofan á um önnur áhrif af úrskurði en fordæmisáhrif. Þá vekja athygli skýringar í athugasemdum að þessarar heimildar skuli einkum neytt ef úrskurður yfirsattanevndar hefur fallið skattaðila í vil og vísað er til þess vanda, sem bent var á í áður nefndu áliti umboðsmanns Alþingis, að „í slíkum tilvikum geti skattframkvæmd raskast bagalega og sérstaklega þegar tiltekinni skattframkvæmd hefur verið hnekkð með úrskurði.“ Yfirsattanevnd mun taka afstöðu til þessa atriðis en ekki er öruggt að löggjafarviljinn hafi að fullu skilað sér í orðalagi ákvæðisins. Það er að minnsta kosti óvenjulegt að ræða um nýja „skattframkvæmd“ vegna úrskurðar yfirsattanevndar sem ekki er að svo stöddu ætlað að hafa fordæmisáhrif.

Breytingarlögin tóku þegar gildi. Ekki er tekið á því í lögumum hvað gildi um kærur sem borist hafa yfirsattanevnd við gildistöku, svo sem eðlilegt hefði verið, en afdráttarlaus skilningur um þetta kemur fram í áliti efnahags- og viðskiptanevndar um að ákvæði laganna gildi um öll mál sem þegar eru til

meðferðar hjá nefndinni og hafa ekki hlotið afgreiðslu. Þetta þýðir til dæmis að þeir, sem skotið hafa máli til yfirskattanefndar en ekki fengið úrskurð nefndarinnar, eiga þess kost að krefjast málskostnaðar og ber nefndinni að taka afstöðu til þeirrar kröfu.

Ég tel að réttarbót felist í ofangreindum breytingum um kærufresti og málskostnað. Um aðrar breytingar ætla ég ekki að dæma. Sumar þeirra virðast við fyrstu sýn smávægilegar og skipta litlu máli en eru það e.t.v. ekki í raun. Breyt-

- - - - -

Lítið skref er tekið í átt frá rannsóknarreglu en annað stórt í átt að málsforræði aðila.

- - - - -

ingar um sjálfstæða gagnaöflun yfirskattanefndar, um sérstakar efnis- og formkröfur til kæra, um sátta- boð ríkisskattstjóra og heimild nefndarinnar til að úrskurða í kærumáli, einungis að fengnum

þeim gögnum sem kærandi leggur fram, draga úr einkennum yfirskattanefndar sem stjórnvalds. Lítið skref er tekið í átt frá rannsóknarreglu en annað stórt í átt að málsforræði aðila. Hér er um áhuga- verð grundvallaratriði að ræða sem ekki verða rakin hér. Hugsanlegt er að löggjafinn fylgi hér stefnu sem dómstólar hafa í mótun en slíkt verður ekki ráðið af lögskýringar- gögnum. Þar kemur reyndar ekki fram að þessi atriði hafi sætt neinni sérstakri rannsókn.

Lög um lögmenn, nr. 77/1998

Þann 2. júní s.l. samþykkti Alþingi lög um lögmenn, nr. 77/1998. Frumvarpið að lög- unum var fyrst kynnt á fyrri hluta ársins 1996 og sætti þá strax miklum andmælum af hálfu Lögmannafélags Íslands vegna hugmynda í því um fyrirkomulag eftirlits og agavalds og fleiri atriða er varða lögmennastéttina miklu. Mikið hefur verið fjallað um frumvarpið á vettvangi félagsins, í Lögmannablaðinu, á félagsfundum o.fl. Ekki er þörf að rekja það allt saman hér, en þó skal nefnt að umfangsmiklar breytingar voru gerðar á frumvarpinu síðasta vetur og endurspegluðu þær að mörgu leyti afstöðu lögmanna, eins og hún birtist í viðhorfskönnun meðal þeirra í janúar og febrúar 1997.

Lögin fela þetta meðal annars í sér:

a) Lögmönnum er skylt að eiga aðild að Lögmannafélagi Íslands, sem hefur með höndum ýmsa lögboðna starfsemi. Félaginu er heimilt að starfrækja sérstakar félagsdeildir, sem lögmönnum er frjálst að ákveða hvort þeir eigi þar aðild að eða ekki.

b) Sérstök úrskurðarnefnd, skipuð 3 lögmönnum og 2 utanfélagsmönnum, fer með kær- og ágreiningsmál.

c) Stjórn L.M.F.Í. hefur með höndum eftirlits- vald.

d) Felld verða niður prófmál í núverandi mynd og þriggja ára starfsreynsla við öflun málflyt- ningsréttinda fyrir héraðsdómi. Í staðinn er mönnum gert að sækja námskeið og þreyta prófraun.

e) Til að verða hæstaréttarlögmaður þarf 5 ára

starfsreynsla sem héraðsdómslögmaður, munn- legan málflytning í 30 málum og 2 prófmál fyrir Hæstarétti Íslands. Sérstök nefnd fjallar um um- sóknir um prófmál eftir almennum reglum þar um.

f) Meginregla er að öðrum en lögmönnum er óheimilt að reka félag um skrifstofu lögmanns eða eiga hlut í því.

g) Dómsmálaráðherra er heimilt, að fenginni umsögn L.M.F.Í., að gefa út leiðbeiningar handa lögmönnum um endurgjald, sem þeir krefja úr hendi skuldara vegna kostnaðar af innheimtu peningakröfu.

h) Nokkur umþóttunartími er veittur þeim, sem eru að afla sér héraðsdóms- eða hæstarétt- arlögmannsréttinda, til að fá réttindin eftir eldri reglum þar um.

Mörg fleiri nýmæli í lögnum mætti telja upp hér, en það verður látið bíða betri tíma.

Lögin nýju taka gildi 1. janúar 1999. Ljóst er að mikil vinna er framundan við undirbúning að nýju starfsumhverfi og skipulagi félagsins og stéttarinnar. Sú vinna er reyndar þegar hafin með starfi 7 manna nefndar, sem kosin var á síðasta aðalfundi, sem hefur það hlutverk að endur- skoða samþykktir L.M.F.Í. og skipulag. Tillögur nefndarinnar verða kynntar félagsmönnum í haust.

MM

Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum

nokkrar upplýsingar um starfsemi nefndarinnar

Úrskurðarnefndin hefur verið starfandi frá því í september 1994. Stofnaðilar nefndarinnar eru viðskiptaráðuneytið, Neytendasamtökin og Samband íslenskra tryggingafélaga. Hún er vísuð hjá Váttryggingaefntirlitinu. Stofnaðilar velja hver sinn aðal- og varafulltrúa til setu í nefndinni til tveggja ára í senn, sem allir skulu vera löglærðir. Gildandi samþykktir nefndarinnar voru birtar í B-deild Stjórnartíðinda með auglýsingu nr. 336, 10. júní 1996.

Nefndin fjallar um ágreining varðandi bótaskyldu milli neytenda og váttryggingafélaga, sem starfsleyfi hafa hér á landi. Hún úrskurðar ekki um bótafjárhæðir nema að fengnu samþykki aðila. Athygli er vakin á nefndum samþykktum, þar er m.a. upplýst um starfssvið nefndarinnar, vistun, málskot og gagnaöflun.

Í mars sl. kom út samantekt úrskurða ársins 1997. Líkt og kveðið er á um í samþykktum velur nefndin þá úrskurði sem henni þykja stefnumarkandi og/eða athygliverðir til útgáfu í samantekt án nafngreiningar aðila fyrir lok aprílmánaðar vegna næstliðins árs. Samhliða er gefið yfirlit yfir þau málskot sem komið hafa til afgreiðslu. Eintök samantektar er unnt að fá á skrifstofu Váttryggingaefntirlitsins gegn greiðslu 1.000 kr. fyrir hvert eintak. Jafnframt er unnt að fá eintak samantektar á tölvudisklingi sem kostar 1.000 kr. Með samantekt sem þessari gefst t.d. neytendum, lögmönnum og starfsfólki váttryggingafélaga kostur á að fræðast um starfsemi nefndarinnar og áherslur.



Rúnar Guðmundsson, bdl., skrifstofustjóri í Váttryggingaefntirlitinu

Til upplýsingar verður getið yfirlits um fjölda og afgreiðslu málskots frá september 1994 - 1997:

Árið 1994 (frá september til áramóta) – **36 málskot**, breyting á afgreiðslu málskotsaðila í vil að hluta eða öllu leyti í 52,7% tilvika. Váttryggingafélag hafnaði að hlíta niðurstöðu nefndarinnar í 2 tilvikum.

Árið 1995 - 256 málskot, breyting málskotsaðila í vil í 43,3% tilvika. Váttryggingafélag hafnaði að hlíta niðurstöðu nefndarinnar í 4 tilvikum.

Það er mikilvægt að lögmenn hafi vitneskju um tilvist og starfsemi nefndarinnar.

Árið 1996 - 230 málskot, breyting málskotsaðila í vil í 43,9% tilvika. Váttryggingafélag hafnaði að hlíta niðurstöðu nefndarinnar í 4 tilvikum.

Árið 1997 - 270 málskot, breyting málskotsaðila í vil í 39,6% tilvika. Váttryggingafélag hafnaði að hlíta niðurstöðu nefndarinnar í 5 tilvikum.

Þegar þetta er ritað hafa 103 málskot borist frá sl. áramótum.

Oftast reynir á málskot vegna ökutækjetrygginga en málskotum vegna annarra váttryggingagreina fer fjölgandi t.d. vegna sjúkra- og slysatrygginga, heimilis- og húseigendatrygginga og ábyrgðartrygginga fyrir atvinnurekstur.

Það er mikilvægt að lögmenn hafi vitneskju um tilvist og starfsemi nefndarinnar. Það hefur færst í vöxt að lögmenn leiti til nefndarinnar fyrir hönd umbjóðenda sinna. Málskotsgjald er í dag kr. 3.700. Fyrirliggjandi eru eyðublöð sem auðveldi málskot. Þau eru fánleg hjá Váttryggingaefntirlitinu, Neytendasamtökunum, váttryggingafélögum og Sambandi íslenskra tryggingafélaga.

Samkvæmt samþykktum úrskurðar nefndin á grundvelli gagna sem fyrir hana eru lögð eða hún aflar sér. Hlutaðeigandi aðilum, þ.e. mótaðila/aðilum, t.d. váttryggingafélagi eða þriðja aðila, er jafnan veittur frestur til að taka afstöðu til málskotsins áður en nefndin tekur ákvörðun um niðurstöðu. Nefndin leggur áherslu á að gæta andmælaréttar og töku ákvarðana að athuguðu máli. Mikilvægt er að vanda til málskots þ. á m. til gagnaöflunar. Nefndin fundar að jafnaði vikulega.

Úrskurðir nefndarinnar eru ekki bindandi fyrir neytendur, þeir geta ávallt vísað málum til dómstóla þó að þau hafi farið fyrir nefndina. Úrskurðir nefndarinnar eru bindandi fyrir hlutaðeigandi váttryggingafélag nema félagið tilkynni neytandanum og nefndinni sannanlega

innan tveggja vikna frá því að það fékk úrskurð í hendur að það muni ekki hlíta honum. Framanritað yfirlit um afgreiðslu mála upplýsir að það er sjaldan sem váttryggingafélag hafnar að hlíta niðurstöðu nefndarinnar.

Það urðu nokkur tímamót í váttryggingastarfsemi hér á landi á árinu 1994. Það ár komu til framkvæmda ný lög um váttryggingastarfsemi (nr. 60/1994), sem bæta mjög réttarstöðu viðskiptavina váttryggingafélaga. Athygli er t.d. vakin á VI. kafla laganna sem fjallar um upplýsingaskyldu og val á löggjöf um váttryggingasamninga. Í annan stað var úrskurðarnefndinni komið á fót í samstarfi stjórnvalda, Neytendasamtaka og Sambands íslenskra tryggingafélaga.

Ég tel að nefndin hafi skilað góðu verki. Ekki er vitað um annað en að almenn ánægja sé ríkjandi með starfsemi hennar. Hún getur

leitt ágreiningsmál til lykta á tiltöulega skömmum tíma þar sem tilkostnaður er í lágmarki. Það er fullvissa mín að nefndir líkt og Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum eigi rétt á sér. Þær stuðla að bættri réttarstöðu aðila í víðtækri merkingu.

Úr siðareglum L.M.F.Í.

36. gr.

Lögmaður skal hafa góða skipan á skrifstofu sinni, vaka yfir störfum starfsliðs síns og líta eftir því, að lögmannsfulltrúar fylgi góðum lögmannsháttum.

Ber lögmanni að sjá til þess, að bókhald skrifstofunnar, varsla fjármuna, skjala og annarra gagna sé í samræmi við lög og góða venju í þeim efnum.

Lögmaður skal ekki láta óviðkomandi hafa aðgang að skjölum eða öðrum gögnum skrifstofunnar, er varðað geta skjólstæðinga hans.

Sama regla gildir um starfslið lögmannsins.

AÐFARARGERÐIR

*eftir Markús Sigurbjörnsson, hæstaréttardómara
Fæst hjá Bóksölu stúdenta og á skrifstofu L.M.F.Í.*

— o 0 o —

*Aðrar bækur útgefnar af Námssjóði L.M.F.Í.:
Dómar um bótaábyrgð hins opinbera 1920-1984
Dómar í félagarétti 1968-1988
Dómar í sjóréttarmálum 1965-1982
Dómar um veðréttindi 1920-1988
Dómar í skaðabótamálum 1973-1978
Dómar í skaðabótamálum 1979-1988
Dómar um almennt einkamálaréttarfar*

Námssjóður Lögmannafélags Íslands

UM LÖGMANNAFÉLÖG Í BANDARÍKJUNUM

Starfsemi lögmannafélaga í Bandaríkjunum (BNA) er flestum lögmönnum á Íslandi sjálfsagt framandi. Samskipti Íslands og BNA á sviði lögfræði er reyndar næsta takmörkuð, þar sem á yfirborðinu er um tvö ólík réttarkerfi er að ræða. Að því er sjá má hafa kynni íslenskra lögfræðinga af réttarkerfi BNA helst verið í tengslum við kynnisferðir á vegum félagasamtaka og svo umfjöllun fjölmiðla um einstaka dómsmál, samanber Barnföstrumálið á síðastliðnu ári.

Sívaðandi straumur íslenskra lögfræðinga í meistaranám (LLM-gráðu) í lögfræði til BNA hefur án efa aukið þekkingu og skilning á bandarískum lögum, og um leið innsýn í Common Law (dómvenju) réttarkerfi, eins og ríkir í fylkjadómsskerfinu, en minna í alríkisdómsskerfinu, þar sem áhrifa Civil Law (lög bóka) réttar gætur í sívaðandi mæli, að miðevrópski fyrirmynd.

Í stuttri grein er enginn vegur að gera málefnum lögmannafélaga í BNA ítarleg skil. Af mörgu er að taka. Hins vegar verður staldrað við nokkra meginþætti í uppbyggingu samtaka lögmanna í BNA. Kynnt verða helstu atriði varðandi skipulag, félagapjónustu, skylduáðild og eftirlitsvald yfir lögmönnum. Er sjálfsagt forvitnilegt fyrir íslenska lögmenn að bera saman skipan þessara mála vestan hafs við það hvernig þessum málefnum er háttað í hinum nýju lögum um lögmenn, sem samþykkt voru af Alþingi fyrir skömmu.



Jón Ögmundsson, cand.jur. frá HÍ, Juris Doctor frá Miami á skóla, lögmaður í Flórída 1995-1998.

Skipulag lögmannafélaga

Réttarkerfi BNA finnst flestum all flókið vegna greiningar þess í tvö mjög sjálfstæð og óháð réttarkerfi. Þetta eru annars vegar fylkjaréttur og hins vegar alríkisréttur. Í stuttu máli sagt þá hafa fylkjadómstólar almenna lögsögu í öllum málefnum á sviði einka- og refsímála, en alríkisdómstólar hafa takmarkaða lögsögu og eru sett tiltekin valdmörk í stjórnarskrá BNA og alríkislögum. Allir fylkjadómstólar eru þó bundnir í dómum sínum af forðæmum Hæstaréttar Bandaríkjanna og alríkislöggiöf, ef tiltekið svið heyrir undir alríkisvald samkvæmt stjórnarskrá BNA.

*... er skipan málefna
lögmanna algerlega á
forræði hvers fylkis.*

Um málefni lögmanna og samtaka þeirra fer samkvæmt lögum hvers fylkis. Þar er ekki alríkisvaldi til að dreifa, heldur er skipan málefna lögmanna algerlega á forræði hvers fylkis. Eins og nánar

verður greint síðar hefur þetta forræði aðallega verið falið hæstarétti fylkjanna og áfrýjunardómstólnum í District of Columbia, sem hefur sjálfstæða lögsögu í málum héraðsins, sem nær yfir Washington DC, að því er varðar lögmenn í því héraði. Verður í greininni aðallega vitnað í Lögmannafélag Flórídafylkis, en skipan þessara mála er nánast með sama hætti í öllum fylkjum BNA.

Lögmannafélag Flórída er meðal þeirra allra fjölmennustu í BNA, með yfir 55.000 félagsmenn, þar af eru um 9.000 í Miami-héraði einu. Yfirstjórn lögmannafélagsins er í höndum forseta og viðtakandi forseta, ásamt fylkisráði (Board of Governors), þar sem eru 51 fulltrúi, kosnir frá hverri hinna 20 þingháa í Flórída, ásamt fulltrúum félagsmanna, sem búa utan fylkisins, og fulltrúum skipuðum af Hæstarétti Flórída. Fylkisráðið hefur eitt vald til að skipa málefnum lögmanna með þeim takmörkunum sem settar eru í reglum um lögmannafélagið, ásamt ákvæðum í settum lögum og stjórnarskrá Flórída. Fylkisráðið hefur yfirumsjón með skrifstofu félagsins og framkvæmdastjóra þess, hinum ýmsu ráðum og nefndum sem starfa innan félagsins (faghópar) og fer með aga- og eftirlitsvald á fyrstu stigum þeirra mála. Lögmannafélagið tilnefdir einnig meirihluta fulltrúa í prófráð, sem annast framkvæmd lögmansprófa í Flórídafylki.

Félagapjónusta

Lögmannafélagið annast rekstur á ýmissi þjónustu fyrir lögmenn. Margt af þeirri þjónustu fer samkvæmt ákveðnum reglum, sem

hlotið hafa staðfestingu Hæstaréttar Flórída. Má þar nefna sem dæmi rekstur á umfangsmikilli endurmenntunarföndun, sem býður uppá námskeið á sérsviðum lögfræðinnar. Er um að ræða hluta af lögboðinni skyldu lögmanna að sækja ákveðinn fjölda námskeiða á hverju þriggja ára tímabili. Núverandi krafa eru 30 klst. af endurmenntunarnámskeiðum, þar af skulu 2 klst. fjalla um siðareglur lögmanna. Ef lögmenn vanrækja þessa skyldu sína getur það varðað réttindamissi um lengri eða skemmri tíma.

Innan samtaka lögmanna starfa fjölmargir faghópar og deildir, sem tileinka sér upplýsinga- og fræðistörf á ýmsum sérsviðum lögfræðinnar. Starf þeirra skilar sér í skipulagningu endurmenntunarnámskeiða, útgáfu handbóka og álitsgerða um lagafrumvörp fyrir lögjafarþingi Flórída.

Auglýsingar lögmanna í fjölmiðlum lúta ströngu eftirliti félagsins og sér ein deild þess um að yfirfara auglýsingar og veita samþykki sitt til birtingar, en reglur kveða svo á að lögmönnum sé skylt að bera auglýsingar undir lögmannafélagið áður en birting á sér stað.

Lögmannafélagið starfrækir ábyrgðartryggingasjóð, sem ætlað er að bæta umbjóðendum fjárhagslegt tjón, sem þeir verða fyrir þegar lögmenn misnota eða draga sér fé skjólstæðinga sinna. Eru 15 dollarar af félagsgjaldi hvers lögmanns (ársgjaldið er nú 190 dollarar) látnir renna til þessa ábyrgðartryggingasjóðs. Fá umbjóðendur greitt að hámarki 50,000 dollara fyrir hreint fjártjón, en hámark 2,500 dollara ef tiltekinn lögmaður hefur enga sannanlega þjónustu reitt af hendi fyrir umbjóðanda sinn. Þessi sjóður er fullkomlega óháður frjálsum ábyrgðartryggingum, sem lögmenn taka hjá tryggingarfélagum gagnvart bótaábyrgð, sem fallið getur á þá vegna vanrækslu í starfi. Slíkar ábyrgðartryggingar eru ekki

skyldubundnar fyrir lögmenn í Flórída, þó jafnan hafi lögmenn ábyrgðartryggingu vegna þeirrar hættu á skaðabótakröfum sem lögmannsstarf í BNA hefur í för með sér, oftast frá tapsárum fyrirverandi umbjóðendum. Frjálsar ábyrgðartryggingar eru mjög mismunandi eftir starfssviði og staðsetningu lögmanns, en lágmarks bótafjárhæð fyrir tjónþola er 300,000 dollarar á ári, eða 100,000 dollarar fyrir hverja kröfu.

— — — — —

Auglýsingar lögmanna í fjölmiðlum lúta ströngu eftirliti félagsins ...

— — — — —

Flest lögmannafélög starfrækja lögfræðisþjónustu fyrir fátæka og efnalítla borgara, svokallað „pro bono program”. Er mismunandi eftir fylkjum hvort félagsmönnum er skylt að taka þátt í slíku, eða hvort um frjálsa þátttöku er að ræða. Eru slík „pro bono” verkefni rekin af héraðsdeildum lögmannafélaganna í hverju fylki. Í Flórída er skylduþátttaka allt að 20 klst. á ári fyrir hvern lögmenn, eða greiða sem samsvarar 350 dollurum á ári til lögfræðiaðstoðar fyrir fátæka. Hins vegar er þátttakan frjáls t.d hjá samtökum lögmanna í District of Columbia.

Hér hafa einungis verið nefnd nokkur atriði sem falla undir þjónustu sem lögmannafélög í BNA veita félagsmönnum sínum. Lögmannafélagið rekur einnig tilvísunarþjónustu (referral service) sem lögmenn geta orðið aðilar að gegn ákveðnu gjaldi. Þá gefur lögmannafélagið út mánaðarlega bæði fréttablað og fagtímarit.

Lögmannsstörf án réttinda

Lögmannafélagið hefur með höndum rannsókn og undirbúning mála er varða aðila sem stunda

lögmannsstörf án tilskilinna réttinda (Unlicensed Practice of Law). Saksókn er í höndum ákærvalds í viðkomandi héraði. Einkaréttur lögmanna til starfa er varinn með ákvæðum í almennum refsilögum hvers fylkis. Þá eru í siðareglum ákvæði um viðurlög ef lögmaður veitir ófaglærðum einstaklingi aðstoð við að stunda lögfræðistörf. Helstu sjónarmið þessu til grundvallar eru þau að lögmenn hafa verið taldir opinberir sýslunarmenn dómstólanna, sem veitt hefur verið einkaleyfi til málflyttings fyrir dómi og eru samkvæmt því bundnir ströngum siðareglum um eigin gerðir í starfi og hins vegar almennum lögum um trúnaðarskyldur lögmanna gagnvart umbjóðendum sínum. Sérþekking lögmanna sem felst í menntun þeirra á að tryggja fagmennsku í vinnubrögðum og þar með að hagsmuna umbjóðenda sé gætt fyrir dómi.

— — — — —

... en sjálfstæði þeirra er talið vera forsenda fyrir réttaröryggi borgaranna.

— — — — —

Lögmenn njóta því töluverðs sjálfstæðis gagnvart yfirvöldum, en sjálfstæði þeirra er talið vera forsenda fyrir réttaröryggi borgaranna. Hlutverk þeirra er m.a. að tryggja að málefni umbjóðenda þeirra fái hlutlæga meðferð fyrir rétti. Samtök lögmanna hafa gengið skelegg fram í því að verja einkarétt lögmanna til málflyttings og þeirra starfa sem eðlilega falla undir störf lögmanna, með tilliti til sérfræðikunnáttu þeirra. Hafa dómstólar í dómafordæmum beitt rýmkaði lögskýringu á því hvað falli undir lögmannsstörf. Þó hefur ófaglærðu fólki (t.d. „paralegals”) verið heimilt að veita þjónustu með því að aðstoða fólk við útfyllingu á eyðublöðum og skýrslu-

formum í tilvikum eins og skilnað-armálum og búskiptum. Ef um einhverja ráðgjöf er að ræða sem tengist túlkun á lagareglum eða framkvæmd mála fyrir dómi fellur það skýlaust undir lögmansstörf og má aðeins veitast af lögmanni.

Skylduaðild lögmanna

Saga samtaka lögmanna er samtvinnuð málefnum um skylduaðild. Í mörgum fylkjum voru rekin frjáls samtök lögmanna, sem m.a. önnuðust kynningu á pólitískum viðhorfum lögmanna á meðal þingmanna fylkisins. Mikilvægt fræðistarf, svo sem samhæfing laga meðal allra fylkja, hefur verið unnið á vettvangi frjálsra félagasamtaka. Þar ber hæst það starf sem unnið er af Lögmannafélagi Bandaríkjanna (Americian Bar Association eða ABA), sem eru frjáls samtök allra lögfræðinga.

Skylduaðild að samtökum lögmanna komst á í öllum fylkjum BNA eftir 1920. Til að tryggja almannahagsmuni varðandi eftirlits- og agavald yfir lögmönnum þótti skylduaðild að samtökum lögmanna nauðsynleg. Með henni væri tryggt að allir lögmenn undirgengjust eftirlitskerfi samtaka lögmanna og væru jafnframt bundnir agavaldi þeirra samkvæmt siðareglum. Hæstiréttur, sem hafði æðsta vald í málefnum lögmanna samkvæmt fylkjalögum, framseldi lögmannafélaginu forræði eftirlits- og agavalds á fyrstu stigum mála. Lögmannafélagið varð því tiltekið í reglum sem stjórnarsýsluarmur dómstólanna í málefnum lögmanna.

Eftirlits- og agavald

Stjórnarskrá Flórídafylkis kveður á um hver fari með eftirlitshlutverk og agavald yfir lögmönnum og annist jafnframt veitingu lögmansréttinda. Slíkt úrskurðarvald er veitt Hæstarétti Flórída. Svipaður háttur er hafður á í öðrum fylkjum BNA. Rökin eru þau að sjálfstæði dómstólanna sé besta trygging borgaranna fyrir réttaröryggi og sé um leið trygging fyrir óvilhallri

meðferð á agabrotum lögmanna.

Daglegt eftirlitsvald, eins og áður er getið, hefur hæstiréttur falið fylkisráði lögmannafélagsins sem stjórnarsýsluarmi dómstólsins. Þeirra hlutverk er að sjá til þess að siðareglum sé framfylgt og að lögmenn fari að almennum lögum í starfi sínu. Starfrækir lögmannafélagið sérstaka aganefnd sem sér um rannsókn meintra brota á siðareglum og tekur við kærum frá umþjóðendum. Sérstakur lögmaður félagsins (Bar Counsel) hefur með höndum saksókn brotamála fyrir aganefnd og Hæstarétti. Hæstiréttur Flórída kveður síðan á um endanleg viðurlög, annaðhvort áminningu, tímabundinn réttindamissi eða ótímabundna leyfissviptingu. Heimilt er þó að endurskoða ótímabundna leyfissviptingu eftir þrjú ár, ef vissum skilyrðum er fullnægt.

Í agamálum er sakborningum ætíð tryggt um fjöllum tveggja sjálfstæðra úrskurðaraðila, og er málskotsréttur samkvæmt agareglum tryggður. Annað myndi vart fullnægja alríkislögum um réttláta og sanngjarna málsmeðferð (due process), sem rætur sínar á að rekja til 5. viðauka að stjórnarskrá Bandaríkjanna. Á fyrstu stigum er brotamálið rannsakað af aganefnd og lýtur úrskurði fylkisráðs lögmannafélagsins, en fullnaðarúrskurð fellir síðan Hæstiréttur Flórída, eftir málskot og munnlegan málflutning aðila.



*Síðareglur lögmanna
verður að telja óaðskiljanlegan þátt í menntun
og veitingu starfsréttinda
lögmanna ...*



Síðareglur

Síðareglur lögmanna verður að telja óaðskiljanlegan þátt í menntun og veitingu starfsréttinda lög-

manna í BNA. Áður en lögmaður getur hafið störf verður hann að gangast undir a.m.k. tvö próf í greininni. Fyrst er um að ræða próf í skyldugrein í hverjum lagaskóla sem fjallar um fyrirmynd siðareglna fylkjanna, sem oft er nefnd „ABA Model Rules of Professional Conduct“. Þessar reglur voru samdar af nefnd á vegum Lögmannafélags Bandaríkjanna (ABA) og hafa þjónað sem fyrirmynd í mörgum fylkjum. Í öðru lagi er sérstakt próf í siðareglum hvers fylkis lagt fyrir lögmenn sem einn hluti lögmansprófs í öllum fylkjum. Gefur því auga leið að lögmenn ættu að vera sæmilega að sér í einstökum ákvæðum siðareglna þegar þeir loksins hefja störf.

Hæstiréttur hvers fylkis setur síðareglur fyrir lögmenn. eru þær staðfestar af réttinum eftir opinbera umfjöllun og munnlegan málflutning fyrir dómi. Síðareglur Flórída spanna yfir þætti eins og samband lögmans og umþjóðanda, hagsmunaárekstur, fjárvörslureikninga og auglýsingar lögmanna. Síðareglur Flórídafylkis eru mun ýtarlegri heldur en ABA reglurnar og þar hafa verið settar strangar reglur um fjárvörslureikninga (trust accounts). Þar er m.a. kveðið svo á að séu fjármunir, sem tilheyra skjólstæðingi, lagðir inn á vaxtaberandi reikning þá renni þeir vextir óskiptir til styrktarsjóðs lögmannafélagsins (Flórída Bar Foundation). Arður sjóðsins er síðan notaður í almannabágu, svo sem reksturs lögfræðiaðstoðar fyrir fátæka og námsstyrki fyrir laganema.

Öflun málflutningsréttinda

Veiting málflutningsréttinda heyrir undir hæstarétt hvers fylkis. Skilyrði til veitingar réttinda kunna að vera svolítið mismunandi eftir fylkjum, en þó eru nokkur atriði sameiginleg þeim öllum. Í aðalatriðum krefjast öll fylki þess að umsækjandi hafi lokið þrjú ára bandarísku laganámi og öðlast „Juris Doctor“ (JD) gráðu. Að auki

er í flestum tilfellum krafist að umsækjandi gangist undir lögmannspróf (bar exam) áður en málflytningsréttindi verði veitt af hæstarétti. Undantekningar frá prófi miðast einkum við þá, sem hafa þegar öðlast réttindi í öðru fylki, starfað í a.m.k. 5 ár við lögmannsku eða hlotið tiltekinn stigafjölda á lögmannsprófi. Málflytningsréttindi eru bundin tilteknu fylki og veita rétt til málflytnings fyrir öllum þrem dómstigum þess fylkis.

Veiting málflytningsréttinda heyrir undir hæstarétt hvers fylkis.

Lögfræðingar með próf frá erlendum lagaskólum eiga í nokkrum erfiðleikum með að aðlagast þessu kerfi. Undantekningalaust er þeim ekki heimilt að gangast beint undir lögmannspróf. Þó viðurkenna nokkur fylki svonefnda meistaraáráðu (LLM) frá viðurkenndum bandarískum lagaskólum til jafns við JD gráðu. Samkvæmt upplýsingum frá Lögmannafélagi Bandaríkjanna er hér einungis um tvö fylki að ræða, Connecticut og New York. Þá geta lögfræðingar með prófgráðu frá öðru Common Law landi (t.d. Kanada, England eða Ástralíu) gengist undir próf í Kaliforníu, Colorado og Norður-Karólínu.

Réttur til málflytnings fyrir alríkisdómstólum er byggður á nokkuð öðrum forsendum. Þar er hver og einn dómstóll sjálfstæður og setur sínar eigin réttarfarsreglur. Verða lögfræðingar því að afla sér málflytningsréttinda fyrir hverjum dómstóli fyrir sig, þ.e.a.s. viðeigandi umdæmisdómstólum, áfrýjunardómstólum og síðan Hæstarétti Bandaríkjanna. Almenn krafa er að umsækjandi hafi öðlast málflytn-

ingsréttindi í a.m.k. einu fylki. Að auki krefjast sumir dómstólar þess að lögmennt standist fjölvalspróf (multiple choice) í réttarfarslögum dómsins, aðrir kanna einungis sjálfstætt hæfi umsækjenda með tilliti til almennra skilyrða. Nokkuð er einnig um að alríkisdómstólar krefjist að tilteknum fjölda prófmála sé lokið áður en málflytningsréttindi eru veitt.

Niðurlag

Margt er sameiginlegt í starfsemi lögmannafélaga í BNA og á Íslandi, ef undan er skilið umfang hennar. Þó sumt sé ólíkt, er fyrirmyndin að bandarísku lögmannasamtökunum ættuð frá gamla móðurlandinu í Evrópu, þ.e. Englandi. Mörg grundvallarsjónarmið um sjálfstæði lögmannna og stöðu þeirra gagnvart dómstólum eru svipuð. Þá er skylduáðild að samtökum lögmannna talin heppileg í báðum löndum. Ábyrgðartryggingar eru í flestum fylkjum BNA ekki skyldubundnar, þótt fáum lögmonnum detti í hug að starfa án slíks bakhjarls. Öflun málflytningsréttinda er nokkuð ólík, þó breyting sé yfirvofandi á Íslandi með tilkomu prófrauna. Er gert ráð fyrir að hluti prófrauna verði bóklegt próf, en lögmannsprófið í fylkjum BNA er allstaðar bóklegt próf byggt á fjölvalsspurningum. Í Flórída tekur

prófið til 12 mismunandi fræðigreina og 6 alríkisgreina.

Þess má geta í lokin að framkvæmdavaldið, dómsmálafyrirvöld í hverju fylki, koma hvergi nálægt veitingu starfsréttinga, eftirliti og agavaldi yfir lögmonnum, eða öðru sem varðar stéttina.

Útleiga á fundarsal.

Lögmennt geta fengið leigðan fundarsal á jarðhæð í húsnæði félagsins fyrir t.d. skiptafundi, gerðardómsmál o.fl. Salurinn rúmar u.þ.b. 20-25 manns ef setið er við borð en annars eru sæti fyrir um 35-40 manns. Leiguverðið er 2.000 krónur fyrir klukkustundina auk virðisaukaskatts. Innifalið er kaffi. Tekið er við pöntunum á skrifstofu L.M.F.Í. í síma 568-5620.

Leiðrétting

Í síðasta tölublaði Lögmannablaðsins birtist auglýsing frá löggiltum skjalaþýðendum og dómtúlkum, Boga Arnari Finnbogasyni og Lars H. Andersen. Þau mistök urðu við frágang auglýsingarinnar að tölvupóstfang Boga Arnar var rangt tilgreint. Réttu tölvupóstfangið er bogiarnar@centrum.is

RAFBRÉF

Álþingi voru samþykkt hinn 15. desember 1997 lög nr. 131, um rafræna eignarskráningu verðbréfa. Með samþykkt þessara laga eru stigin merk skref í þá átt að aðlaga íslenskan verðbréfamarkað að þeim kröfum sem gerðar eru til þróaðra verðbréfamarkaða í dag. Önnur norræn ríki hafa staðið framarlega við þróun tækifæra sem fyrir hendi eru til að gefa út markaðsverðbréf á rafrænan hátt, sem í daglegu máli eru oft nefnd „pappírslaus verðbréfavíðskipti“.

Eftir því sem umsvif aukast við kaup og sölu verðbréfa á virkum verðbréfamarkaði þá eykst verulega hagræðið af því að færa slík verðbréfavíðskipti frá pappír yfir á rafrænt form. Aukinn hraði í viðskiptum og meira öryggi samhlíða beinum sparnaði eru meginástæður til að taka upp slíkt kerfi. Stefnt er að því að rafræn skráning markaðsverðbréfa hefjist hér á landi sem fyrst. Eigi síðar en fyrir árslok árið 2000 skal samkvæmt ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 34/1998 miðað við að eftirfarandi verðbréf og réttindi yfir þeim skuli skráð með rafrænum hætti:

1. Spariskírteini ríkissjóðs.
2. Ríkisbréf.
3. Ríkisvixlar.
4. Húsbref og húsnæðisbréf.
5. Hlutabréf sem skráð eru á Verðbréfafingri Íslands (kauphöll).
6. Skuldabréf og vixlar sem útgefin eru af bönkum, sparisjóðum, sveitarfélögum og öðrum ótilgreindum aðilum og skráð eru á V.Þ.Í.
7. Önnur verðbréf sem stjórn verðbréfamiðstöðvarinnar tekur til eignarskráningar.



Tryggvi Axelsson, cand. jur. — einn höfundur frumvarps að lögum nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa.

Að öðru leyti er það á valdsviði stjórnar verðbréfamiðstöðvar að ákveða hvaða verðbréf er unnt að taka til skráningar í miðstöðinni og gefa út sem rafréf, sbr. 13. gr., en rafréf eru skv. 2. gr. „framseljanleg rafrænt eignarskráð verðbréf“.

Hér á eftir verður aðeins drepð á nokkur meginatriði hinna nýju laga.

Í verðbréfamiðstöð skal eignarskrá rafréf reikningseiganda. Heimild til þess að stofna reikninga svo og skráning réttinda þar er takmörkuð við ákveðnar reikningsstofnanir¹, sbr. 10. gr. laganna. Útgefandi markaðsverðbréfa hefur þá einnig heimild til þess að hafa milligöngu um eignarskráningu og fyrsta framsal rafréfa sem hann gefur út, sbr. 11. gr. Markmið með þessari heimild er að ekki verði þrengt að rétti útgefanda og gildandi starfsheimildum hans á fjármagnsmarkaði.

Í IV. kafla laganna eru ákvæði um réttaráhrif skráningar í verðbréfamiðstöð. Til þess að réttindi að rafréfum njóti réttarverndar, til dæmis framsal eða aðrar ráðstafanir með samningi, verður eignar-

¹ Seðlabanki Íslands, viðskiptabankar og sparisjóðir, fyrirtæki í verðbréfafjónustu sem og lánastofnanir aðrar en viðskiptabankar og sparisjóðir.

skráning réttindanna að fara fram, sbr. 16. gr. laganna. Hið sama gildir að því er varðar fullnustugerðir. Eignarskráning rafréfs í verðbréfamiðstöð veitir skráðum eiganda lögformlega heimild fyrir þeim réttindum sem hann er skráður eigandi að. Í sömu grein laganna er skýrt kveðið á um að sömu réttindi verða ekki jafnframt gefin út með viðskiptabréfi. Glögg skil eru því milli rafrænnar eignarskráningar verðbréfa og hefðbundinna „pappírs“ verðbréfa.

Eignarskráning rafréfs í verðbréfamiðstöð jafngildir skilríki um eignarrétt að rafréfinu og ræðst forgangsroð ósamrýmanlegra réttinda af því hvenær beiðni reikningsstofnunar um skráningu þeirra berst verðbréfamiðstöð. Réttaráhrif eignarskráningar í verðbréfamiðstöð teljast vera frá þeirri stundu sem lokafersla hefur átt sér stað hjá miðstöðinni. Í 19. gr. laganna er tekið fram að mótbáruð sem lúta að meiriháttar nauðung eða fölsun glatast ekki. Hins vegar á það ekki við um lögræðisskort. Það byggir á því að við rafræna eignarskráningu í verðbréfamiðstöð er unnt að fyrirbyggja að einstaklingur sem er ólögráða framselji réttindi sín án þess að reikningsstofnun hafi möguleika á því að kanna hvort aflað hafi verið samþykkis frá skráðum lögráðamanni, sbr. skráningu þar um á reikningi reikningseiganda í verðbréfamiðstöðinni. Reglan er í samræmi við sambærilegar reglur á Norðurlöndum. Á reikning í verðbréfamiðstöð skal eignarskrá rafréf reikningseiganda svo og skal þar skrá hvaða reikningsstofnun (eða stofnanir) hafa heimild til eignarskráningar á reikning, sbr. 24. gr. Ætla má að við fullnustugerðir muni lögmenn kanna sérstaklega hverjir hafi

heimild til eignarskráningar á reikning í verðbréfamiðstöð til að tryggja innbyrðis forgangsáhrif fullnustugerða en réttaráhrif eignarskráningar teljast vera frá þeirri stundu sem lokafærsla hefur átt sér stað hjá verðbréfamiðstöðinni. *Reikningsyfirlit* skulu gefin út reglulega til eigenda rafbréfa um þau réttindi sem viðkomandi reikningshafi er skráður eigandi að, en um gerð reikninga og útgáfu reikningsyfirlita fer eftir þeim reglum sem ráðherra setur á grundvelli laganna. Auk þess eru í lögunum ákvæði um kærumeðferð komi upp ágreiningur í tilefni af eignarskráningu í verðbréfamiðstöðinni, sbr. VI. kafla laganna. Ráð er fyrir því gert að um slík mál fjalli ávallt *úrskurðarnefnd*, sbr. 25. gr. laganna. Heimilt er að bera úrskurði hennar undir dómstóla innan 4 vikna frá því að úrskurður er uppkveðinn. Hér kann oft að vera um afar sérstæð mál að ræða s.s. vegna ágreinings um tæknileg atriði er varða lokafærslur í verð-

bréfamiðstöðinni. Þess vegna er sett sem skilyrði að slík ágreiningsmál verða ekki borin undir dómstóla nema að undangengnum úrskurði úrskurðarnefndar. Þess má geta að á öðrum Norðurlöndum hafa ágreiningsmál vegna eignarskráninga í verðbréfamiðstöð verið afar sjaldgæf, a.m.k. ef miðað er við umfang og fjölda eignarskráninga.

Ljóst er að rafræn eignarskráning verðbréfa mun treysta mjög verðbréfaviðskipti hér á landi ...

Í VII. kafla eru ákvæði um skaðabætur, í VIII., IX. og X. kafla er fjallað um eftirlit, viðurlög og gildistöku laganna. Auk ákvæðis til bráðabirgða I, sem ég vék að í upphafi, þá kemur skýrt fram í

lokaákvæði laganna (ákvæði til bráðabirgða II), að ef útgefin eignarréttindi yfir verðbréfi eru færð til verðbréfamiðstöðvar og eignarskráð þar, ber að *ógilda* hið áþreifanlega verðbréf. Nánar skal í reglugerð kveða á um innköllun og eignarskráningar vegna yfirfærslu á útgefnum verðbréfum í reglugerð sem ráðherra setur, enda kunna að nokkru leyti mismunandi sjónarmið að eiga við eftir því hvort yfirfæra eigi t.d. skuldabréf eða hlutabréf hlutafélaga. Í ákvæðinu er því enn á ný ítrekað að sömu réttindi geta ekki verið jafnt í rafbréfi sem og verðbréfi.

Ljóst er að rafræn eignarskráning verðbréfa mun treysta mjög verðbréfaviðskipti hér á landi og auka samkeppnishæfni íslensks verðbréfamarkaðar í sívaxandi alþjóðlegri samkeppni. Brýnt er því að tæknilegri úrlausn málsins verði hraðað þannig að eignarskráningar á grundvelli hinna nýju laga geti orðið að veruleika sem fyrst.

Sumarhús L.M.F.Í.

Lögmannafélag Íslands á og rekur tvö sumarhús, Lögmannahlíð og Þingbrekku, í Brekkuskógi í Biskupstungum. Lögmenn (og aðrir) geta tekið sumarhúsin á leigu viku í senn yfir sumartímamann og skemmri eða lengri tíma yfir veturinn, t.d. um helgar.

Úthlutað hefur verið öllum vikum í sumar en tiltölulega auðvelt er að komast í húsin í haust. Hægt er að panta húsin á skrifstofu L.M.F.Í. í síma 568-5620.

Frá ritstjóra og ritnefnd:

Aðsendar greinar.

Félagsmenn eru hvattir til að rita í blaðið greinar, langar eða stuttar, um hugðarefni sín er tengjast störfum lögmanna eða Lögmannafélaginu og lögfræði. Til að auðvelda vinnslu blaðsins væri æskilegt að aðsendar greinar kæmu bæði prentuðu formi og á tölvudiskum, t.d. í Word eða Word-Perfect ritvinnsluformi. Þá þarf helst ljósmynd af greinarhöfundi að fylgja.

Skatta- og tollatíðindi nýtt tímarit

Nýlega kom út fyrsta hefti nýs tímarits, sem ber heitið Skatta- og tollatíðindi og er samstarfsverkefni fjármálaráðuneytisins, yfirskattanefndar, ríkistollanefndar og ríkisskattstjóra. Í þessu nýja tímariti er ætlunin að birta helstu úrskurði yfirskattanefndar og ríkistollanefndar, sem taldir eru hafa forðæmisgildi. Þá verða birtir í tímaritinu dómar sem varða skatta- og tollamál, þ.m.t. dómar í refsimálum á þessu réttarsviði. Ennfremur verða kynntar nýjungar í löggjöf í skatta- og tollamálum og stjórnvaldsreglur.


Í formála ritnefndar í þessu 1. hefti tímaritsins kemur fram að yfirskattanefnd og ríkistollanefnd meta sjálfar hvaða úrskurðir verða birtir. Hins vegar verða birtir allir dómar, sem varða álagningu eða ákvörðun skatta og tolla, bæði héraðsdómar og dómar Hæstaréttar Íslands. Undanskildir verða dómar er lúta að inn-

heimtu gjalda nema sérstök ástæða þyki til annars.

Skatta- og tollatíðindum er ætlað að koma út þrisvar á ári. Fyrsta heftið nær til dóma og

út 5 hefti þannig að útgáfan ætti að vera komin í reglulegt horf strax á næsta ári.

Ritnefnd Skatta- og tollatíðinda skipa Margrét Gunnlaugsdóttir (ábyrgðarmaður), Ólafur Ólafsson og Friðgeir Sigurðsson. Ritstjóri er Guðrún Agnes Þorsteinsdóttir, með aðsetur að Rauðarárstíg 10, Reykjavík.



úrskurða sem fallið hafa á tímabilinu janúar til maí 1997. Á yfirstandandi ári verða gefin

**1. hefti 1. árgangs
bins nýja tímarits,
Skatta- og tollatíð-
inda.**

Griffill

lit

Úrskurðir og álitsgerðir stjórnar L.M.F.Í.

Þóknun lögmanns fyrir sölu fasteignar – ágreiningur um vinnubrögð.

Þóknun lögmanns, sem jafnframt rak fasteignasölu, lækkuð vegna vanrækslu við sölu fasteignar.

Í erindi sóknaraðila (S), sem barst stjórn L.M.F.Í., var farið fram á álit hennar á þóknun fyrir sölu fasteignar á vegum lögmanns (L), sem rak fasteignasölu samhliða lögmannsstofu. Kaupendur töldu sig hafa verið leynda upplýsingum um fyrirhugaðar framkvæmdir á sameign og kröfðust skaðabóta eða afsláttar. Seljandi og kaupandi sömdu sín á milli um 150.000 króna lækkun kaupverðsins og jafnframt um útgáfu afsals.

S, sem greitt hafði L kr. 170.000 í söluþóknun, auk auglýsingakostnaðar og virðisaukaskatts, krafðist endurgreiðslu að hluta af söluþóknuninni og taldi sig ekki hafa fengið þá þjónustu hjá L við lausn ágreiningsins við kaupanda, sem búast hefði mátt við. L neitaði endurgreiðslu.

S taldi sig hafa greitt fyrir þjónustu, sem hefði ekki verið innt af hendi, þ.e. fyrir lokafrágang og útgáfu afsals fyrir íbúðinni. Þá taldi S þjónustuna hafa verið ófullnægjandi og leitt til tjóns fyrir sig. Ófullnægjandi þjónusta eða ráðgjöf, sem ylli sér

tjóni, veitti sér rétt til að krefjast endurgreiðslu þóknunar að hluta eða öllu leyti. L hefði áskilið sér hæstu leyfilegu þóknun, 2% af söluverði fasteignarinnar. Yrði talið að L ætti rétt til þóknunar yrði að lækka hana verulega þar sem þjónustan hefði reynst ófullnægjandi.

L mótmælti staðhæfingum um slægleg vinnubrögð og ófullnægjandi þjónustu sem röngum og meiðandi. Kjarni málsins hefði verið sá að S hefði leyt upplýsingum um fyrirhugaðar framkvæmdir. S hefði viðurkennt þetta í verki með því að veita afslátt af söluverði. S hefði skuldbundið sig til að veita tilteknar upplýsingar, þ. á m. yfirlit um stöðu hússjóðs auk upplýsinga um yfirstandandi eða væntanlegar framkvæmdir, en vanrækt þá skyldu. Reynt hefði verið af hálfu fasteignasölnunnar að jafna ágreining samningsaðila, án árangurs. Ekki hefði staðið á því að ganga frá sölnunni með því að útbúa afsal, sem reyndar hefði verið gert. Hefði það legið tilbúið á fasteignasölnunni. Eftir því hefði hins vegar ekki verið leitað af hálfu S og yrði hann að bera hallann af því.

Að mati stjórnar L.M.F.Í. kom ekkert fram í málinu sem benti til þess að L eða starfsmenn fasteignasölnunnar hefðu neitað samn-

ingsaðilum um þá þjónustu að annast útgáfu afsals og annan frágang. Samningsaðilar hefðu sjálfir ákveðið að annast útgáfu afsalsins án þess að leita liðsinnis L. Taldi stjórnin S því ekki eiga rétt til lækkunar á söluþóknun til L af þessari ástæðu.

Stjórnin taldi, með vísun til 2. kafla laga um fasteigna- og skipasölu, nr. 34/1986, þá skyldu hvíla á fasteignasala að hann aflaði nauðsynlegra upplýsinga um ástand fasteignar, þ. á m. upplýsinga um fyrirhugaðar framkvæmdir á vegum húsfélags. Gæti fasteignasalinn ekki skotið sér á bak við stöðluð ákvæði í söluumboði, þar sem seljandi tæki að sér að afla þessara upplýsinga. Skylda fasteignasalans væri sjálfstæð að þessu leyti og þyrfti hann m.a. að standa kaupandanum skil á upplýsingunum. Jafnframt taldi stjórnin ljóst að S hefði vitað um fyrirhugaðar framkvæmdir þó ekki væri ljóst að hve miklu leyti þeim upplýsingum hefði verið komið til kaupanda.

Að mati stjórnar L.M.F.Í. vanræktu L og starfsmenn fasteignasölnunnar skyldur sínar sem milligöngumenn við sölu fasteignar S með því að afla ekki fullnægjandi upplýsinga um ástand hins selda húsnæðis og fyrirhugaðar framkvæmdir á því. Ef upplýs-

inganna hefði verið aflað með þeim hætti, sem gera mátti kröfu um, hefði mjög sennilega ekki risið ágreiningur S og kaupenda. Með vísan til þessa taldi stjórnin rétt að S fengi afslátt af sölubókun, sem næmi kr. 20.000.

Lögmannsaðstoð vegna nauðasamninga einstaklinga.

Lögmaður hættir að veita einstaklingum aðstoð við nauðasamningaumleitanir – álit um þóknun lögmanns.

Lögmaður (L) tók að sér að aðstoða hjón (S) við að leita nauðasamninga við lánardrottna og var í því skyni leitað eftir og fengin opinber réttaraðstoð á grundvelli laga nr. 65/1996. Unnið var í málinu frá maí/júní til miðs nóvembers 1996. Þá varð ágreiningur milli aðila um störf og reikningsgerð L. Engin samskipti voru milli aðila frá þeim tíma til loka janúar 1997, þegar S tóku málið úr höndum L. Áskilin þóknun L nam kr. 225.000 auk virðisaukaskatts.

Að mati stjórnar L.M.F.Í. kom ekkert fram í málinu sem réttlætti það að L léti af störfum sínum fyrir S. Ef eitthvert atvik hefði gerst, sem réttlætti slíkt, hefði L borið a.m.k. að tilkynna S það með ótvíræðum hætti hvers vegna hann teldi sér heimilt að hætta að sinna verkefninu og gefa S þá kost á að leita aðstoðar annars staðar. Vísaði stjórn L.M.F.Í. í 12. gr. síðareglna L.M.F.Í. í

því sambandi. Taldi stjórnin L hafa þannig með aðfinnsluverðum hætti hafa vanrækt skyldur sínar gagnvart S.

Í umfjöllun um ágreining aðila um þóknun L kom m.a. fram það sjónarmið L að það væri verklagsregla hjá flestum lögmonnum að þeir færu ekki á fundi utan skrifstofu sinnar fyrir minna en 2 klst. og að þetta væri viðurkennt af hinu opinbera, t.d. þegar um réttargæslustörf væri að ræða. Stjórn L.M.F.Í. féllst ekki á að þessi verklagsregla væri almennt í gildi á lögmannsstofum, þótt hún væri viðurkennd þegar um réttargæslustörf væri að ræða, enda væru sérstjónarmið sem réðu þar ferðinni. Hins vegar var fallist á það með L að fundartíminn einn og sér ákvarðaði ekki endilega þann tíma sem skráður væri og að taka yrði tillit til undirbúnings og frágangs eftir fundi, allt eftir aðstæðum hverju sinni.

Í álitum stjórnar L.M.F.Í. var ennfremur fjallað um áskilnað lögmannna um þóknun á grundvelli tíma-gjalds. Þegar lögmenn áskildu sér þóknun á þeim grunni bæri þeim að halda tímaskýrslu yfir viðkomandi verk og yrði tímaskýrslan að uppfylla ákveðin lágmarksskilyrði. Markmiðið með tíma-skýrslunni væri m.a. að halda utan um þann tíma, sem færi í verkið og að gefa lögmenninum og umbjóðanda hans greinargott yfirlit um það. Tíma-skýrslan yrði að vera trúverðug í augum umbjóðandans og e.t.v. þriðja að-

ila, t.d. dómstóls eða stjórn L.M.F.Í. Til þess að svo mætti vera væri rétt að lögmaður skráði svo sem kostur væri upplýsingar um það hvað gert væri hverju sinni, þegar tímaeining væri skráð, hvenær verkinu væri sinnt og hversu lengi hverju sinni.

Stjórnin taldi mega finna að tímaskýrslu L, m.a. vegna misræmis í skráningu tímaeininga, sem fram kom í skjölum málsins. Þá taldi stjórnin vera ljóst að samkvæmt framlögðum gögnum hefði verið að mestu um eitt mál að tefla, þótt þóknunar væri krafist eins og um tvö mál væri að ræða. Taldi stjórnin hæfilega þóknun L vera kr. 75.000 fyrir aðstoð við hvort hjóna um sig auk virðisaukaskatts.

Breytingar á félagatali

Eftirfarandi breytingar hafa orðið á félagatalinu frá prentaðri útgáfu þess:

Ný málflytninguleyfi fyrir héraðsdómi:

Gísli G. Hall, hdl., fulltrúi Lögmanna, Mörkinni 1, 108 Reykjavík, sími 581-2122, bréfsími 581-2150.

Gísli Tryggvason, hdl., fulltrúi Lögmanna, Höfðabakka 9, 112 Reykjavík, sími 587-1211, bréfsími 567-1270.

Hannes J. Hafstein, hdl., fulltrúi hjá Guðjóni Ármanni Jónssyni, hrl., Suðurlandsbraut 30, 108 Reykjavík, sími 588-3000, bréfsími 588-3010.

Jóhann Hjartarson, hdl., starfar hjá Íslenskri erfðagreiningu hf., Lynghálsi 1, 110 Reykjavík, sími 570-1900, bréfsími 570-1901.

Óskar Sigurðsson, hdl., fulltrúi hjá A&P Lögmönnum, Borgartúni 24, 105 Reykjavík, sími 562-7611, bréfsími 562-7186.

Ragnar Árnason, hdl., starfar hjá Vinnuveitendasambandi Íslands, Garðastræti 41, 101 Reykjavík, sími 511-5000, bréfsími 511-5050.

Reimar Snæfells Pétursson, hdl., fulltrúi á Lögmannsstofu Jóns Steinars Gunnlaugssonar, hrl., Skólavörðustíg 6 B, 101 Reykjavík, pósthólf 47 (121 R.), sími 561-1020, bréfsími 561-1027.

Sif Guðjónsdóttir, hdl., starfar hjá Húsnæðisstofnun ríkisins, Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík, sími 569-6940, bréfsími 568-9494.

Sigrún Brynja Einarsdóttir, hdl., fulltrúi Jóns L. Arnalds, hrl., Sólvallagötu 48, 101 Reykjavík, pósthólf 678 (121 R.), sími 552-8255, bréfsími 551-1333.

Sigurður B. Halldórsson, hdl., starfar hjá VÍS, Ármúla 3, 108 Reykjavík, sími 560-5060, bréfsími 560-5317.

Sjöfn Kristjánsdóttir, hdl., starfar á borgarskrifstofum, Ráðhúsi Reykjavíkur, 101

Reykjavík, sími 563-2000, bréfsími 563-2029.

Trygvi Þórhallsson, hdl., fulltrúi hjá Sigríði Kristinsdóttur, hdl., Víkurbraut 4, 780 Höfn, sími 478-1991, bréfsími 478-1414.

Ný málflytninguleyfi fyrir Hæstarétti Íslands:

Brynjar Níelsson.

Guðmundur Benediktsson.

Pétur Þór Sigurðsson.

Skúli Bjarnason.

Eldri leyfi leyst út:

Margrét María Sigurðardóttir, hdl., Baughóli 44, 641 Húsavík, sími 464-1412.

Innlagning málflytninguleyfa:

Hjalti Pálmason, hdl.

Oddný Mjöll Arnardóttir, hdl.

Látnir félagsmenn:

Gunnlaugur Þórðarson, hrl.

Sigurður Helgason, hrl.

**ÚRLAUSN
ADGENG**

Hlutafélagaskrá

Hæstaréttardómar

Þinglýsingabækur

Reglugerðasafn Íslands

<http://www.adgengi.is>

Breytingar á heimilisföngum, símanúmerum o.fl.:

Axel Kristjánsson, hrl.: Skeggjagötu 4, 105 Reykjavík, sími 552-3164, GSM 897-1300.

Ásgeir Magnússon, hrl.: Skippholti 50 B, 105 Reykjavík, sími 561-9505, bréfsími 561-9501.

Bjarni S. Ásgeirsson, hrl.: bjarni.loghaf@prim.is

Davíð B. Gíslason, hdl.: netfang david@am-law.is

Eggert B. Ólafsson, hdl.: Laugavegi 97, 101 Reykjavík, sími 552-7166, bréfsími 552-3356.

Hrafnhildur Stefánsdóttir, hdl.: netfang hs@vsi.is

Hreinn Loftsson, hrl.: netfang hreinn.loftsson@skima.is

Hróbjartur Jónatansson, hrl.: netfang hrobjart@am-law.is

Ingi H. Sigurðsson, hdl.: netfang ingi.loghaf@prim.is

Jóhannes Rúnar Jóhannsson, hdl.: netfang jrj@skima.is

Jón Eiríksson, hdl.: sími 544-5100, netfang eiriksson@islandia.is

Jón Ingvar Pálsson, hdl.: Hlíðarsmári 8, 200 Kópavogi, sími 564-5588, bréfsími 564-5585.

Jónatan Sveinsson, hrl.: netfang jonatan@am-law.is

Jörundur Gauksson, hdl.: Kaupvangur 2, 700 Egilsstaðir, netfang: logjonas-ar@eldhorn.is

Kolbrún Linda Ísleifsdóttir, hdl.: Bergstaðastræti 50, 101 Reykjavík, sími 552-8513.

Leifur Árnason, hdl.: leifur@am-law.is

Margrét Gunnarsdóttir, hdl.: Íslandsbanki hf., Kirkjusandi, 155 Reykjavík, sími 560-8766, bréfsími 560-8711, netfang margret_gunnarsdottir@is-bank.is

Ólafur Rafnsson, hdl.: netfang olafur.loghaf@prim.is

Páll Skúlason, hdl.: Aðalstræti 4 B, 3. hæð (eftir hádegis)

Reynir Karlsson, hrl.: reynir@am-law.is

Róbert Árni Hreiðarsson, hdl.: Hafnarstræti 20, 101 Reykjavík, pósthólf 655 (121 R.).

Rúnar S. Gíslason, hdl.: Lágmúli 5, 108 Reykjavík, sími 581-3600, bréfsími 581-3601, netfang runarg@mmedia.is

Rúnar Mogensen, hdl.: sími 544-5100, netfang mogensen@islandia.is

Sigurður G. Guðjónsson, hrl.: netfang sigg@islandia.is

Smári Hilmarsson, hdl.: Laugavegi 97, 101 Reykjavík, sími 552-7166, bréfsími 552-3356.

Sólveig J. Guðmundsdóttir, hdl.: Laugavegi 97, 101 Reykjavík, sími 552-7166, bréfsími 552-3356.

Sveinbjörn Sveinbjörnsson, hdl.: netfang sslog@islandia.is

Sveinn Jónatansson, hdl.: sveinn@am-law.is

Tómas Sigurðsson, hdl.: Fjárfestingarbanki atvinnulífsins hf., Ármúla 13 A, 155 Reykjavík, sími 580-5000, bréfsími 580-5099.

Tryggvi Guðmundsson, hdl.: netfang tryggvi@snerpa.is

Örn Höskuldsson, hrl.: netfang orn@isholf.is



VIKING felliþýsi

- Miðstöð með hitastýringu
- Skráning og númeraplata
- Tveggja hellna gaseldavél
- 12 volta rafkerfi og rafgeymir
- Áfylltur gaskútur
- 50 mm kúlutengi
- Lokaður lyftubúnaður
- Ryðvarinn undirvagn
- og margt fleira

aðeins

kr. 518.700

staðgreitt

Hafðu samband -
ýmsir lánamöguleikar



SPORTBÚÐ - TÍTAN • SELJAVEGI 2
SÍMI 551 6080 • FAX 562 6488

Íslenska liðið í þriðja sæti í Norrænu málflutningskeppninni

Í Hæstarétti Noregs

Ekki var frítt við að ég fyndi fyrir fiðringi í maganum að morgni 13. júní s.l., þegar fyrri ræðumaður „kærandi“ stóð upp og gekk að málflutningspúltinu í aðaldómsalnum í nýlega endurnýjuðu húsi Hæstaréttar Noregs, til þess að hefja keppni norræna laganema. Fyrir varnaraðila, „Kalmarsambandið“, voru málflutningsmenn frá Bergen og í dómnum sátu dómarmar við dómstóla Norðurlandanna.

Málflutningskeppni í 13. sinn

Norræna málflutningskeppnin, eins og hún hefur verið kölluð hér á landi, er löngu orðin vel þekkt meðal lögmannna og annarra lögfræðinga. Grunninn að þátttöku Íslendinga lögðu hæstaréttarlögmennirnir Gunnar Helgason og Garðar Garðarsson fyrir nærri þrettán árum. Síðan hafa líkast til um 80 laganemar skipað það íslenska lið sem staðið hefur að málflutningi í dómstöfum Norðurlandanna til skiptis.

Góður árangur íslenska liðsins

Kvíði minn reyndist auðvitað ástæðulaus, keppnin fór vel af stað og þegar leið á morguninn kom í ljós að keppendurnir sex í íslenska málflutningsliðinu sem kennt er við Lögberg, stóðu vel að vígi gagnvart norsku- og sænskumælandi mótherjum sínum. „Club Lögberg“ sigldi inn í undanúrslitin með glæsilegri frammistöðu og öruggum sigri á báðum andstæðingunum í sínum riðli, sem kenndur er við Þór Vilhjálmsson, einn dómenda í keppninni.

Eins og endranær tóku tólf lið þátt í keppninni frá lagadeildum norrænu háskólanna. Hvert lið teflir fram sex þátttakendum. Liðin útbúa hvert um sig greinargerðir sóknar og varnar í máli þar sem einstaklingur hefur kært

meint brot „Kalmarsambandsins“ gegn ákvæðum Mannréttindasáttmála Evrópu.

Lögberg náði þriðja sæti í keppninni og auk þess fékk einn ræðumanna okkar, Guðmundur Óli Björgvinsson, verðlaun sem besti málflytjandi í okkar riðli. Aðrir keppendur voru þau Anna Kristín Úlfarsdóttir, Eva Bryndís Helgadóttir, Guðrjúður Kristjánsdóttir, Kristín Benediktsdóttir og Sigbór Guðmundsson. Metnaður keppenda var mikill og keppnisandi góður og var árangur liðsins í samræmi við það. Af samtölum við dómara eftir keppnina ræð ég að þeim fannst okkar lið hafa staðið sig sérstaklega vel að þessu sinni. Í ár voru óvenjumargir eldri keppendur liðinu til aðstoðar og víst er að keppendur hafa fundið fyrir miklum væntingum. Óhætt er að segja að þeir hafi svo sannarlega staðið undir þeim væntingum. Laganemarnir hafa líka öðlast dýrmæta þekkingu á reglum Mannréttindasáttmálans og ómetanlega reynslu í málflutningi, og munu að námi loknu hafa óumdeilanlegt forskot á skólafélaga sína, er kemur að undirbúningi og flutningi dómsmála.

Hæstiréttur Íslands 1999

Gestgjafarnir að þessu sinni, Club Meltvedt frá Ósló, fóru með sigur af hólmi í úrslitum. Við lokaathöfnina í Hæstarétti Noregs bauð Guðrún Erlendsdóttir hæstaréttardómari formlega til keppinnar á Íslandi á næsta ári, fyrir hönd Hæstaréttar Íslands.

Fyrir hönd þátttakendanna, og sem fyrirvarsmaður íslenska liðsins, vil ég færa þakkið öllum þeim lögmönnum og öðrum sem með framlögum sínum og annarri aðstoð gerðu okkur kleyft að taka þátt í keppninni. Lögmannafélagi Íslands eru færðar þakkið fyrir sinn tryggja stuðning. Á næsta ári mun enn

frekar reyna á stuðning velvildarmanna, en undirbúningur er þegar hafinn að keppninni í Hæstarétti Íslands að ári.

Íslenskir málflytjendur í fullum skrúða í Hæstarétti Noregs.



Guðmundur Óli Björgvinsson, Kristín Benediktsdóttir og Anna Kristín Úlfarsdóttir.



Guðrjúður Kristjánsdóttir, Sigbór Guðmundsson og Eva Bryndís Helgadóttir.



Málþing L.M.F.Í. og D.Í. 5. júní

Málþing Lögmannafélags Íslands og Dómarafélags Íslands var haldið á Hótel Valhöll á Þingvöllum föstudaginn 5. júní s.l. Á málþinginu fjölluðu Björn Friðfinnsson, ráðuneytisstjóri, og Davíð Þór Björgvinsson, lagaprófessor, um EES-rétt sem réttarheimild í íslenskum rétti og hlutverk Eftirlitsstofnunar EFTA og EFTA-dómstólsins varðandi framkvæmd EES-samningsins. Þá ávarpaði Halldór Ásgrímsson, utanríkisráðherra, þingið.

Eftir hádegi var fjallað um undirbúning og framkvæmd lagasetningar. Framsögu höfðu Hrafn Bragason, hæstaréttardómari, Helgi Bernóðusson, aðstoðarskrifstofustjóri Alþingis og Vilhjálmur H. Vilhjálmsson, hrl.


Afl	Þjónusta
Reynsla	Framsýni
Hraði	Öryggi

Skíma hf. er sameinað fyrirtæki tveggja helstu frumkvöðla í Internetþjónustu á Íslandi, Miðheima og Skímu.

Miðheimar ehf. voru frumkvöðlar í myndrænni framsetningu vefsins á Íslandi og sérhæfðu sig í Internettengingum einstaklinga.

Skíma ehf. leiddi þróunina á fyrirtækjamaarkaði með byltingarkenndum nýjungum m.a. í tölvupóstþjónustu og gagnamiðlun.

Í sameinaðu fyrirtæki fléttast því saman framúrskarandi þjónusta við einstaklinga og fyrirtæki og dýrmæt reynsla.



INTERNETÞJÓNUSTA SEM SPUNNIÐ ER Í

ÍSGÁTT



Fyrirtækjþjónustan ~ Ísgátt

Ísgátt sinnir þörfum fyrirtækja og opinberra aðila. Hún býður heildarlausnir við Internet-tengingar og tölvupóstmiðlun. Hér geta notendur Ísgáttar gengið að öruggri þjónustu og gagnamiðlun vísum og fengið ráðgjöf varðandi allt sem lýtur að farsælli og skilvirkri notkun Netsins.

MIDHEIMAR



Einstaklingsþjónustan ~ Miðheimar

Miðheimar eru þjónustukjarni fyrir Internettengingar einstaklinga, heimila og félagasamtaka. Hér er að finna hinn notendavæna vefheim Miðheima þar sem nálgast má upplýsingar vefsins á meiri hraða og betri kjörum en áður – og það er aldrei á tali!

VEFSTOFA



Vefsmiðja Skímu ~ Vefstofan

Hér fá fyrirtækin þjónustu varðandi hönnun, smíði, miðlun og viðhald á margmiðlunarefni fyrir Internetið. Skiptir þá engu hvort um er að ræða einfaldar heimasíður eða flókna vefheima sem varpað er upp af gagnagrunnum fyrirtækja.



S k í m a

Skíma hf. • Brautarholi 1 • Sími 511 7000 • 511 7070
skíma@skíma.is • centrum@centrum.is